

Lögmannablaðið



8. árgangur
Júní
2/2002

- Glæpir og refsingar
- Heimasíður lögmannna
- Heimildaleit á Netinu
- Nýr vettvangur dómsmála – Fjölmiðlar?
- Refsiákvæðanir og réttarvitund almennings
- Samskipti lögmannna, viðskiptmanna þeirra og fjölmiðla
- Staða brotapolá og hlutverk réttargæslumanna



MARKHÓPALISTAR

ÖKUTÆKJASKRÁ

FYRIRTÆKJAUPLÝSINGAR

VEÐBÖND

VÖKTUN

IL+

VOG

HLUTAFÉLAGASKRÁ

ÞJÓÐSKRÁ

VANSKILASKRÁ

REKSTRARÖGUSKRÁ

HÆSTARÉTTARDÓMAR

WWW.LT.IS

UPPLÝSINGAR ERU LYKILL AÐ ÁRANGRI

HÆSTARÉTTARDÓMAR, REGLUGERÐARSAFN, LAGASAFN OG RETTUR.IS

YFIR 100 LÖGMENN OG LÖGMANNSSTOFUR
ERU ÁSKRIFENDUR AÐ ÞJÓNUSTU LÁNSTRAUSTS HF.

VANSKILASKRÁ

REKSTRARSAGA

VEÐBÖND

ÖKUTÆKJASKRÁ

HLUTAFÉLAGASKRÁ

KVÓTI

ÞJÓÐSKRÁ

INNHEIMTUKERFI LÖGMANNA

HÆSTARÉTTARDÓMAR

MARKHÓPALISTAR

FYRIRTÆKJAUPLÝSINGAR

VÖKTUN FRAMHALDSUPPBOÐA

VOG - VANSKIL OG OPINBERAR GJÖRÐIR

AÐ HVERJU ERT ÞÚ EKKI ÁSKRIFANDI?

TIL AÐ FÁ NÁNARI UPPLÝSINGAR, HAFÐU SAMBAND VIÐ ERLU B. ÁRNADÓTTUR ERLA@LT.IS.



UPPLÝST ÁKVÖRÐUN

WWW.LT.IS

Lögmannablaðið

LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS:

Álftamýri 9, 108 Reykjavík

Sími (tel.): 568-5620

Bréfsími (fax): 568-70567

Tölvupóstur: (E-mail):

lmfi@lmfi.is

Heimasíða: www.lmfi.is

STJÓRN LMFÍ

Gunnar Jónsson hrl.,

formaður

Helgi Jóhannesson hrl.,

varaformaður

Jóhannes Karl Sveinsson hrl.,

gjaldkeri

Lára V. Júlíusdóttir hrl.,

ritari

Aðalsteinn E. Jónasson hrl.,

meðstjórnandi

STARFSFÓLK LMFÍ:

Ingimar Ingason

framkvæmdastjóri

Jóna Kristjana Kristinsdóttir

félagsdeild

Guðný Gísladóttir

ritari

Blaðið er sent öllum

félagsmönnum.

Ársáskrift

fyrir utanfélagsmenn

kr. 1.500 + vsk.

Verð pr. tölublað

kr. 300 + vsk.

NETFANG RITSTJÓRNAR:

ritstjori@lmfi.is

PRENTVINNSLA:

Gutenberg

UMSJÓN AUGLÝSINGA:

Óflun ehf.,

sími 533 4440

4 GUÐRÚN BJÖRG BIRGISDÓTTIR:

Frá ritstjórn

5 Innahússmót í knattspyrnu

6 INGIMAR INGASON:

Aðalfundur LMFÍ

11 Fréttadálkur

12 BERGLIND SVAVARSDÓTTIR:

Staða brotaþola og hlutverk réttargæslumanna í ljósi reynslunnar

14 GUNNAR JÓNSSON:

Pistill formanns

15 GUÐRÚN BJÖRG BIRGISDÓTTIR:

Heimasíður lögmanna

16 GUNNAR PÉTURSSON:

Heimildaleit á Netinu

17 Málflutningsfélagið Lögberg

18 Málþing DÍ og LMFÍ

19 BRYNJAR NIELSSON:

Um glæpi og refsingar

20 Gróa@leiti.is

21 RÓBERT R. SPANÓ:

Um refsíakvarðanir og réttarvitund almennings

23 JÓNA K. KRISTINSDÓTTIR:

Fréttir frá félagsdeild

24 INGIMAR INGASON:

Kvöldfundur um opinbera umfjöllun um dómsmál

25 Af Merði lögmanni

26 SVALA THORLACIUS:

Um samskipti lögmanna, viðskiptamanna þeirra og fjölmiðla

28 JÓHANNES KARL SVEINSSON:

Nýr vettvangur dómsmála – Fjölmiðlar?

30 Frá árhátíðinni

Forsíðumynd: Sigrún V. Magnúsdóttir

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Þórður Bogason hdl.

Ritnefnd: Berglind Svavarsdóttir hdl., Bjarki H. Diego hrl.

Björn L. Bergsson hrl., Guðrún Björg Birgisdóttir hdl.,

Ragnar H. Hall hrl.



FRÁ RITSTJÓRN:

RITNEFND LMFÍ hefur undir forystu ritstjóra breytt útliti blaðsins talsvert eins og blað þetta ber með sér. Efni þess hefur líka breyst að einhverju leyti, enda er það stefna ritnefndar að auka þá sérstöðu sem Lögmannablaðið hefur gagnvart öðrum tímaritum á sviðum lögfræði. Sérstaða blaðsins á að vera fólgin í aukinni þjónustu við félagsmenn, með umfjöllun um það sem efst er á baugi í félagsmálum LMFÍ og svo almennt í þjóðfélaginu hverju sinni. Lögmennt er hvattir til þess að taka þátt í útgáfu þessa blaðs með greinaskrifum, með því móti getur blaðið betur endurspeglad áhuga félagsmanna á ólíkum hugðarefnum.

Meðal efnis í blaði þessu eru greinar sem koma inn á aukinn áhuga almennings á dómsmálum og hlutverk lögmannna í fjölmiðlaumfjöllun um einstök mál.

Undanfarnar vikur hefur mikil umræða verið meðal almennings um ósamræmi í refsingum. Þannig bárust þær fréttir nýlega að um 20.000 manns hefðu skrifað undir áskorun til dómsmálaráðherra um harðari refsingar í kynferðisbrotamálum. Verður efni næsta málþings LMFÍ og dómarafélags Íslands, sem haldið verður þann 7. júní nk., helgað umræðunni um glæp og refsingu. Þar hlýtur að vera komið inn á hvaða áhrif fjölmiðlaumfjöllun um einstök refsímál getur haft.

Þáttur lögfræði hefur aukist mjög í fjölmiðlum og nú er svo komið að það eru ekki bara refsímál sem þykja fréttæm, heldur flest dómsmál, t.d. var birt stór frétt í Morgunblaðinu um að Lífeyrissjóður Norðurlands stæði í málaferlum í Bandaríkjunum. Þá hefur það færst í vöxt að málflutningur hefjist jafnvel í fjölmiðlum, áður en mál er höfðað. Það er umhugsunarefni hvort það teljist nú hluti af skyldum lögmannna að þeir standi fyrir máli umbjóðanda sinna í fjölmiðlum? Ef viðkomandi lögmaður vill ekki taka slíkt hlutverk að sér, er hann þá ekki að sinna sínu starfi? Rétt er að benda í þessu sambandi á dóm Hæstaréttar í máli þar sem lögmaður talaði máli skjólstæðings síns í fjölmiðlum eftir að dómsniðurstaða var fengin. Hér vaknar sú spurning, hvort mismunandi reglur gildi eða eigi að gilda eftir því hvar málið er í dómskerfinu og á hvaða tímapunkti lögmanni sé rétt að fara í fjölmiðla. Í pistli formanns félagsins fjallar hann m.a. um þörfina á því að siðareglur séu lagðar að breyttum aðstæðum. Ástæða er til þess að skoða hvort 5. gr. siðareglna lögmannna sé fullnægjandi í ljósi aukins áhuga fjölmiðla á umfjöllun um dómsmál.

Skorað er á lögmennt að fylgjast með umræðunni og mæta á málþingið.

Guðrún Björg Birgisdóttir hdl.



Innanhúsmót í knattspyrnu 2002

FÖSTUDAGINN 3. maí s.l. var haldið hið árlega mót LMFÍ í innanhúsknattspyrnu. Sem áður var mótið haldið í íþróttarhúsi Fram í Safamýrinni. Mættu 6 lið til leiks og var leikið með því fyrirkomulagi að allir léku við alla og réði samanglagður árangur því hvert liðanna teldist meistari.

Skipuðu menn sér í lið með kunnuglegum hætti, utan þess að fótfinnustu lögmenn bankageirans mættu gráir fyrir jakkafötum og með þjónustufulltrúa á hliðarlínunni. Kom leikur þeirra öðrum liðum í opna skjöldu. Var sem þeir hafa ótakmarkaðar úttektarheimildir í fyrstu leikjum, en þegar á leið kom í ljós að ekki var innstæða fyrir gengi liðsins sem féll hraðar en íslenska krónan og endaði liðið í 3ja sæti.

Mörkin reyndist öðrum liðum betri að þessu sinni og vann sannferandi sigur. Kom í ljós að hinn léttfætti formaður félagsins hefur slíkt aðdráttarafl að það hrífur ekki aðeins nærstadda, heldur virðist annað lauslegt einnig festast við hann og eru boltar þar engin undantekning. Aðrir í liðinu fylgdu formanninum eins og tungl fylgir jörðu og saman varð þetta óvinnandi vígahnöttur. Ekki verður þó við skilið án þess að minnst á leynivopn þeirra Markarmanna, Óttar Pálsson, sem kom sterkur til leiks.

Úrslit mótsins urðu annars þessi:

Röð:	Nafn:	U J T	Mörk	Stig
1.	Mörkin	4 1 0	15:7 +8	13
2.	RogL	3 0 2	20:9 +11	9
3.	Bankó FC	3 0 2	10:9 +1	9
4.	Pruman	2 0 3	7:11 -4	6
5.	Grínarafélagið	1 1 3	11:11	4
6.	FC 2002	1 0 4	4:20 -16	3

Íþróttafélagaritari.



Hinir forboðnu

Nú er tími stangveiðanna að hefjast. Hjá sumum er undirbúningurinn í algleymsi en aðrir við það að hefjast handa.

En veiðanna verður ekki notið til fulls nema friðhelgi heimilisins sé gætt.

Það er hlutverk Heimavarnar Securitas. Hún færir frá eða gerir strax viðvart komist einhver óboðinn inn fyrir dyr.

Tryggðu þér strax Heimavörn í síma **580 7000** eða á **www.securitas.is**.

Þú villt vera áhyggjulaus í veiðitúrnum, er það ekki?



VELDU ÖRYGGI Í STAÐ ÁHÆTTU!

Síðumúla 23 | 108 Reykjavík | Sími 580 7000 | www.securitas.is

Aðalfundur

Lögmannafélags Íslands

AÐALFUNDUR Lögmannafélags Íslands 2002 var haldinn föstudaginn 15. mars s.l. Á dagskrá fundarins voru venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins. Fundarstjóri á aðalfundinum var Þórunn Guðmundsdóttir hrl. og fundarritari Ólafur Örn Svansson hdl.



Ingimar Ingason

framkvæmdastjóri
LMFI

Skýrsla stjórnar og ársreikningur.

Formaður félagsins, Ásgeir Thoroddsen hrl., flutti skýrslu stjórnar og vísaði m.a. til prentaðrar ársskýrslu, sem send var félagsmönnum fyrir fundinn. Í erindi sínu gerði formaðurinn að umtalsefni mál sem borið hefðu hæst á liðnu starfsári, t.a.m. skráningu á sögu félagsins í tilefni af 90 ára afmæli þess, uppbyggingu á heimasíðu, auk þess sem hann kom inn á fjármál félagsins og þá aukningu sem orðið hefði á vanskilum félagsmanna á félagsgjöldum sem væri mikið áhyggjuefni. Benti Ásgeir á að ráðist hafi verið í mikið innheimtuáttak og hefði umtalsverður árangur náðst á síðustu tveimur mánuðum. Að loknu ávarpi formanns um skýrslu stjórnar, lýsti hann kjöri tveggja heiðurfélaga Lögmannafélags Íslands, þeirra Jóns Finnssonar hrl. og Árna Guðjónssonar hrl., og afhenti þeim sérstakt heiðurskjal af því tilefni. Í lok ræðu sinnar þakkaði Ásgeir stjórnarmönnum farsælt samstarf og starfsmönnum fyrir vel unnin störf og það fundargesti um að minnstist þeirra fjögurra félagsmanna er fallið höfðu frá á starfsárinu með því að rísa úr sætum.

Að loknu ávarpi formannsins gerði Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri félagsins, grein fyrir ársreikningi þess og Námssjóðs fyrir árið 2001, en reikningurinn fylgdi prentaðri skýrslu stjórnar. Fjallaði framkvæmdastjórinn um sameiginlega niðurstöðu reikninga hins lögbundna hluta félagsins og félagsdeildar þess. Fram kom í máli framkvæmdastjóra að þrátt fyrir hækkun tekna af árgjöldum til skyldubundna hluta félagsins og

flestum öðrum tekjupóstum á síðasta ári hafi orðið nokkuð tap á rekstrinum og gerði grein fyrir helstu ástæðum þess. Í umræðu um reikninga félagsins gerði **Jakob R. Möller hrl.** m.a. vanskil félagsgjalda að umtalsefni. Lýsti hann yfir ánægju sinni með hertar innheimtuáðgerðir félagsins sem formaður þess lýsti í ræðu sinni, en taldi hins vegar ekki nægjanleg úrræði til staðar að óbreyttum lögum. Koma þyrfti inn ákvæði í lögmannalögin þar sem heimilt yrði að svipta þá lögmenn réttindum sem starfandi væru án þess að greiða árgjöld til félagsins. Formaður félagsins svaraði framkominni athugasemd og vakti hann athygli á að í tillögu að frum-

varpi til nýrra lögmannaálagi væri að finna ákvæði sem veitti stjórn lögmannafélagsins heimild til að leggja til við dómsmálaráðherra að svipta lögmenn réttindum greiddi hann ekki álgöð árgjöld.

Kosningar.

Ásgeir Thoroddsen hrl. gaf ekki kost á sér til endurkjors til embættis formanns félagsins. Lögð var fram tillaga um Gunnar Jónsson hrl. í embætti formanns og var hún samþykkt. Auk Gunnars voru kjörnir í aðalstjórn til næstu tveggja ára, þeir Aðalsteinn Jónasson hrl. og Jóhannes Karl Sveinsson hrl. en auk þeirra sitja áfram í stjórn þau Helgi Jóhannesson hrl. og Lára V. Júlíusdóttir hrl. Í þriggja manna varastjórn voru kjörin Gunnar Sturluson hrl., Margrét Vala Kristjánsdóttir hdl. og Ólafur Rafnsson hdl. Gústaf Þór Tryggvason hrl. og Othar Örn Petersen hrl. voru kjörnir endurskoðendur og Þorbjörg I. Jónsdóttir hdl. til vara. Í laganeftnd voru kjörin Jakob R. Möller hrl., Erlendur Gíslason hrl., Ólafur Haraldsson hdl., Jóhannes Rúnar Jóhannsson hrl. og Sif Konráðsdóttir hrl. Í stjórn Námssjóðs, sem jafnframt gegnir störfum bókasafnsnefndar félagsins, voru þau Erla S. Árnadóttir hrl., Jóhann Nielsson hrl. og Eyvindur Gunnarsson hdl. kosinn til þriggja ára.

S P R O N



P L A T I N U M



Fyrsta alþjóðlega Platinum debetkortíð í heiminum

Mikilvægir viðskiptavinir

SPRON PLATINUM þjónustan er ætluð traustum einstaklingum sem eiga að jafnaði 750.000 króna inneign hjá SPRON. Í SPRON PLATINUM færð þú betri ávöxtun á debetkortareikningi og getur nýtt þér fjölda þjónustupáttu án kostnaðar. Ávinningurinn er umtalsverður.

- *Þinn eigin þjónustufulltrúi*
- *Vönduð fjármálaráðgjöf*
- *Frumkvæði í þjónustu*
- *Hagstæðir lánamöguleikar*
- *Listviðburðir*
- *Heimabanki*
- *Eignastýring á sérkjörum*
- *Innheimtuþjónusta*
- *150 fríar debetkortafærslur*
- *Sértilboð á líf- og sjúkdómtryggingu*
- *Ítarleg viðskiptayfirlit*
- *Hærri vextir á inneign*
- *Greiðsluþjónusta*
- *Platinum kreditkort**

**háð útlánareglum SPRON*

Hringdu í **550 1400** eða komdu í næsta útibú SPRON og þú upplifir nýja hugsun í bankaþjónustu.

 **SPRON**
SPARISJÓUR REYKJAVÍKUR OG NÁGRENNIS

Vegna úrsagnar Jóhannesar Sigurðsson hrl. úr úrskurðarnefnd lögmanna varð að kjósa einn fulltrúa félagsins í nefndina til fimm ára frá og með síðustu áramótum og annan til vara. Tillaga um kjör Kristins Bjarnason hrl., sem aðalmanns, og Helga Birgissonar hrl., sem varamanns, var samþykkt samhljóða.

Breytingar á samþykktum félagsins.

Fráfarandi formaður félagsins, Ásgeir Thoroddsen hrl., kynnti fyrir fundinum tillögu stjórnar Lögmannafélags Íslands um breytingar á ákvæðum 2. mgr. 4. gr., 2. mgr. 7. gr. og 1. og 4. mgr. 17. gr. samþykktu félagsins. Nokkrar umræður áttu sér stað um þessar tillögur og bar fundarstjóri þær því undir atkvæði fundarins. Niðurstaða atkvæðagreiðslu var sú að tillaga um breytingu á orðalagi 2. mgr. 4. gr. samþykktanna var felld með minnsta mögulega mun, en aðrar tillögur voru samþykktar af fundinum.

Önnur mál.

Undir liðnum önnur mál voru líflegar umræður og kvöddu margir sér hljóðs. **Róbert Árni Hreiðarssonar hdl.** tók til máls um kjör félagsmanna. Kvaðst hann hafa tekið þetta mál upp á síðasta aðalfundi, auk þess sem hann hafi skorað á stjórn félagsins fyrir u.þ.b. þremur árum að skoða sérstaklega kjör lögmanna hér á landi í samanburði við nágrannalöndin. Taldi hann víst að laun íslenskra lögmanna væru almennt þrisvar sinnum lægri en tíðkaðist erlendis. Skoraði hann á nýja stjórn að gera átak í að marka stefnu um hvað teljist eðlilegt tímagjald, auk þess að kanna hver væri almennt rekstrarkostnaður á lögmennsstofu. Jafnframt þyrfti að efla kynningu gagnvart dómstólum og lögreglu hvað beri að ákveða í þóknun til lögmanna. Þá gerði Róbert lögmannaögin að umtalsefni og taldi að gera þyrfti breytingar á þeim, m.a. varðandi öflun málflytningaréttinda fyrir Hæstarétti og að fella mætti niður úrskurðarnefnd lögmanna, sem hann taldi vera tímaskökkju. Benti Róbert á að komin væri á frjáls gjaldskrá auk þess sem bera mætti ágreiningsmál undir dómstóla í stað þess að skjóta þeim til nefndarinnar. Með þessu gæti félagið sparað umtalsvert fé. **Helgi Jóhannesson hrl.** svaraði hluta athugasemda Róberts Árna. Upplýsti hann að stjórn félagsins væri að vinna í kostnaðargrunni varðandi rekstur lögmennsstofa. Þá mótmælti Helgi hugmyndum Róberts Árna um að fella bæri niður úrskurðarnefndina, enda væri nauðsynlegt að agavaldið héldist innan lögmannaastéttarinnar. Benti Helgi á að úr-



Heiðursfélagar LMFÍ 2002. Frá vinstri Árni Guðjónsson hrl. og Jón Finnsson hrl.

skurðarnefndin fjallaði ekki aðeins um gjaldtöku heldur einnig almennt um störf lögmanna. Þá upplýsti Helgi að þegar lægi fyrir tillaga um breytingu á reglum um öflun réttinda til að vera hæstaréttarlögmaður. Að lokum kom Helgi inn á endurmenntun lögmanna og víðaði þá hugmynd að skylda ætti lögmenn til endurmenntunar. Vísaði hann í þeim efnum til reglna um endurskoðendur þar sem endurmenntun er gerð að skilyrði fyrir viðhaldi starfsréttinda. Taldi Helgi að með skyldubundinni endurmenntun yrðu lögmenn hæfari til starfsins, traust almennings á lögmönnum myndi aukast, auk þess sem endurmenntunin yrði tekjugrundvöllur fyrir félagið. **Atli Gíslason hrl.** gerði gjafsókn að umræðuefni sínu og vísaði m.a. til fjölgunar mála á stjórnarsýslustigi og að koma ætti á gjafsókn utan réttar. Taldi Atli að þörfin fyrir gjafsókn utan réttar væri ekki minni en innan, enda væri kostnaður manna orðið verulegur af slíkum málum. **Gestur Jónsson hrl.** gerði athugasemdir við hugmyndir Róberts Árna Hreiðarssonar hdl., um að leggja bæri úrskurðarnefnd lögmanna niður. Benti Gestur á að vissulega væri það áhyggjuefni hversu mikill kostnaður fylgdi rekstri nefndarinnar en sá kostnaður fælist ekki í háum nefndarlanum. Þá benti Gestur á að kostnaður við rekstur lögmennsstofu væri ekki ein tala. Hægt væri að reka lögmennsstofu eingöngu með fartölvu og gsm-síma, en einnig með mikilli yfirbyggingu. Því væri ekki



Er Evrópuréttur þinn réttur?

Íslenskir lögfræðingar, lögmenn og dómáramur þurfa í sívaxandi mæli að kunna skil á réttarheimildum Evrópuréttarins. Þá skiptir sköpum að geta fundið hratt og örugglega þær gerðir, dóma og aðrar réttarheimildir sem á þarf að halda.

Spurn sf. býður, í samvinnu við breska fyrirtækið Context Ltd., greiðan aðgang að stærstu rafrænu gagnagrunnum um samninga og sáttmála, lög, reglugerðir og dóma á sviði Evrópuréttarins - einnig á sviði EES-samningsins. Hugbúnaður og tækni Context tryggir notendum auðveldan og öruggan aðgang að þessum gagnagrunnum:

Celex	Lagagagnagrunnur ESB
Official Journal C Series	Stjórnartíðindi ESB
ECJ Proceedings	Málayfirlit Evrópudómstólsins
Common Market Law Reports	Dómar evrópskra dómstóla um Evrópurétt
Human Rights	Mannréttindasáttmáli og -dómstóll Evrópu
Tenders	Upplýsingar um útboð á EES-svæðinu

Sparaðu dýrmætan tíma við heimildaleit

*Fast verð - enginn dulinn kostnaður!
Nánari upplýsingar og áskrift:*

www.spurn.is

rétt að berjast fyrir einu ákveðnu endurgjaldi þar sem slíkt hentaði ekki öllum rekstrartegundum. Það sem mestu máli skipti væri að kynna umbjóðanda sínum fyrirfram um hvert endurgjald vegna vinnunnar væri en það færi almennt saman að þeir sem vinna vinnuna sína vel fái fullnægjandi endurgjald fyrir hana. **Jakob R. Möller hrl.** tjáði sig um hugmynd Helga Jóhannessonar um skyldubundna endurmenntun og benti á að þar sem slík skylda væri til staðar færu menn almennt eingöngu á námskeið hennar vegna en ekki til að endurmenntast. Því væri nauðsynlegt að ræða þetta málefni ítarlega meðal félagsmanna áður en tillaga um slíkt yrði send dómismálaráðherra. Mál efnið væri hins vegar góðra gjalda vert. **Róbert Árni Hreiðarssonar hdl.** lýsti yfir ánægju sinni með að stjórnin væri að kanna þóknunarmál lögmannna en ítrekaði þá skoðun sína að leggja bæri niður úrskurðarnefndina. Mótmælti hann að nefndin þyrfti að vera til staðar þrátt fyrir að hún fjallaði um önnur mál en eingöngu þóknun lögmannna enda mætti leggja öll mál nefndarinnar undir dómstóla þar sem öll meðferð væri sýnilegri, opnari og mun kostnaðarminni fyrir félagið sjálft. **Gunnar Jónsson hrl.** lagði áherslu á mikilvægi þess að halda agavaldinu hjá félaginu sjálfu. Úrskurðarnefndin væri mikilvæg til að halda sjálfstæði félagsins og sá kostnaður sem því fylgdi væri vel þess virði.

Aðalfundur félagsdeildar Lögmannafélags Íslands.

Í framhaldi af aðalfundi Lögmannafélagsins var haldinn aðalfundur félagsdeildar LMFÍ, samkvæmt auglýstri dagskrá. Á dagskrá fundarins voru venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins, auk tillögu um breytingar á 2. mgr. 4. gr., 2. mgr. 5. gr. 1., 3. og 4. mgr. 13. gr. reglna félagsdeildar og tillaga um aukið samstarf

félagsdeildar LMFÍ og Lögfræðingafélags Íslands. Fráfarandi formaður félagsins, Ásgeir Thoroddsen hrl., bar upp tillögur að breytingum á reglum félagsdeildar, en í ljósi þess að fundarmenn höfðu fellt breytingartillögu á samþykktum LMFÍ, sem voru samhljóða breytingatillögu á 2. mgr. 4. gr. reglna félagsdeildar, kvað hann stjórnina draga til baka breytingatillögu sína á ákvæðinu og var hún því ekki borin undir atkvæði. Aðrar breytingatillögur á reglum félagsdeildar voru hins vegar bornar undir atkvæði fundarmanna og samþykktar óbreyttar.

Samþykktir félagsins og reglur félagsdeildar, með þeim breytingum sem gerðar voru á fundunum, er að finna í handbók lögmannna á heimasíðu félagsins – www.lmfi.is.

Tillaga um aukið samstarf félagsdeildar og Lögfræðingafélags Íslands var einnig samþykkt mótatkvæðalaust, en í umræðum um hana lagði **Jakob R. Möller hrl.** áherslu á mikilvægi þess að fara varlega í sameiningar og/eða samstarf, til að rýra ekki ímynd félagsins.

Um skýrslu stjórnar og ársreikninga var vísað til þess að reikningar hafi þegar verið kynntir samhliða afgreiðslu sömu dagskrárliða skyldubundna hluta félagsins á aðalfundi félagsins. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárliðum og var reikningar félagsins samþykktir samhljóða. Enginn kvaddi sér hljóðs undir dagskrárliðnum önnur mál.

Hvað sem framtíðin færir

VISA UM ALLA FRAMTÍÐ



Álit frá aganefnd Óslóar-deildar norska lögmannafélagsins

TJÁNINGARFRELSI lögmannanna og samskipti þeirra við fjölmiðla hafa verið í sviðsljósinu að undanförmu. Hér er um miklævg málefni að ræða sem verða sífellt áþreifanlegri í daglegum störfum lögmannanna. Þá ber talsvert á því að fjölmiðlar fjalli um dómsmál jafnvel áður eða samtímis og þau eru höfðuð. Hið sama er upp á teningnum í öðrum löndum. Eftirfarandi er stutt endursögð af norsku máli.

Hinn 1. mars sl. féll úrskurður aganefndar lögmannanna í Óslóar-umdæmi í kærómáli sem stjórnómálaflökkur, Framfaraflokkurinn í fylkinu Austur Fold, höfðuði gegn lögmanni fyrir brot á góðum lögmannssiðum vegna ummæla hans í stefnu og útvarpsviðtali. Lögmaðurinn hafði höfðuð einkarefsimál f.h. umbjóðenda sinna, sem voru tveir fyrrum meðlimir stjórnómálaflökksins, gegn tveimur félögum í flokknum. Stefndu höfðu tekið þátt í umfjöllun innan flokksins um meinta fjármálaóreiðu einnar flokksdeildar.

Í stefnunni kom m.a. fram að hinir stefndu hefðu notað aðferðir til árása á pólitíska andstæðinga sem þekktar væru í einræðisríkjum, til dæmis Þýskalandi á tímum nasista, en að snúast ætti hart gegn slíkum aðferðum í réttarríki.

Í viðtali í svæðisútvarpi kom framangreind lýsing á aðferðum stefndu fram í máli lögmanns stefnanda. Aðspurður af fréttamanni hvort ekki væri um ærumeiðingar í þeirra garð að ræða svaraði lögmaðurinn neitandi og vísaði til þess að einungis væri um að ræða hispurslausa lýsingu á þeirra vinnubrögðum. Fram kom í viðtalinu að stefnan hafði verið fengin fréttamanninum áður en viðtalið fór fram. Hins vegar hafði stefnan á þeim tíma ekki verið birt stefndu eða hún skráð í undirrétti í Ósló.

Taldi kærandi að lögmaðurinn hefði brotið góða lögmannssiði m.a. með tilvísun til nasista, en orðið nasisti hefði mjög neikvæða merkingu

í norskrí tungu, og jafnframt með útvarpsviðtalinu. Taldi lögmaðurinn svigrúm lögmannanna til lýsinga í greinargerð vera rúmt og með útvarpsviðtalinu hafi hann eingöngu verið að grípa til sömu aðgerða og stefndu höfðu áður viðhaft.

Aganefndin minnti á að lögmanni bæri að vinna störf sín á málefnalegan og réttmætan hátt en að hann ætti jafnframt kröfu á því að verða ekki samsamaður þeim rökum sem hann héldi fram fyrir hönd skjólstæðings síns.

Í þessu máli taldi aganefndin að með ummælum sínum hefði lögmaðurinn gengið lengra en það sem telja mætti sanngjarnt svigrúm hans til að gæta hagsmuna skjólstæðinga sinna. Ekki væri um að ræða sjónarmið sem hefðu þýðingu fyrir málstað skjólstæðinga lögmannsins heldur væri hér frekar um að ræða litríkar lýsingar og áherslur sem lögmaðurinn yrði sjálfur að bera ábyrgð á.

Taldi nefndin ámælisverðara að lögmaðurinn hafði ekki eingöngu notað ummælin í stefnu heldur og í fjölmiðlum og þannig komið lýsingum sínum á framfæri við stærri hóp.

Jafnframt var talið að lögmaðurinn hefði brotið gegn þeirri siðareglu að gæta hófs í fjölmiðlaumræðu um dómsmál sem hann fer með. Ekki var neitt í málinu að mati aganefndarinnar sem gaf lögmanninum tilefni til að tjá sig um efnisatriði málsins í fjölmiðlum áður en gagnaðila hafði verið birt stefna. Taldi nefndin að þrátt fyrir að fjallað hafi verið um málið í fjölmiðlum áður hafi það ekki haft þýðingu. Skjólstæðingar lögmannsins hafi ákveðið að vísa málinu til dómstóla og ekki hafi verið ástæða til að ætla að málið fengi ekki réttláta meðferð fyrir dómi þótt fjallað hafi verið málið í fjölmiðlum á fyrri stigum. Því þótti lögmaðurinn hafa brotið gegn góðum lögmannssiðum að koma stefnunni til fjölmiðla og tjá sig um efnisatriði málsins í útvarpsviðtali á þann hátt sem gert var.

Staða brotaþola og hlutverk réttargæslumanna í ljósi reynslunnar

MEÐ lögum nr. 36/1999 var lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, breytt og m.a. var settur inn nýr kafli, VII kafli, er fjallar um réttarstöðu brotaþola og hlutverk réttargæslumanna. Ég mun ekki fjalla náð um þær breytingar er fólust í ofangreindum lagabreytingum þar sem ég geri ráð fyrir að allir lögmenn viti út á hvað þær gengu. Hins vegar langar mig að fjalla örlítið um það hvernig lagaákvæðin virka í framkvæmd nú þegar þau hafa verið við lýði í tvö ár en undirrituð hefur komið að slíkum málum bæði sem verjandi og réttargæslumaður.

Megintilgangur lagabreytinganna var að styrkja réttarstöðu brotaþola við rannsókn opinbers máls og meðferð þess fyrir dómi – og var ekki vanþörf á. Áður var farið með brotaþola eins og önnur vitni þrátt fyrir að þeir hefðu sérstakra hagsmuna að gæta umfram aðra. Eina réttarfars-hagræðið var að þeir gátu sett fram bótakröfur. Upplýsingagjöf til þeirra var af mjög skornum skammti svo ekki sé meira sagt. Lögin styrkja þannig réttarstöðu brotaþola í öllu verulegu og er það vel. Hins vegar eru töluverðir vankantar á að mínu mati sem komið hafa í ljós við framkvæmd laganna. Á það einkum við í kynferðisbrotamálum vegna 18 ára og yngri.

Þar má fyrst nefna að einungis örlítið brot af kærðum málum koma til kasta dómstólanna og verða að „málum“ (innan við 10%) því reyndin er sú að stundum eru engin „mál“ – og hafa aldrei verið. Þar sem ráðgert er í lögnum að einungis ein skýrslutaka fari fram fyrir dómi þá mega lög-reglumenn ekki spyrja nema mjög svo takmarkaðra spurninga, helst engra, heldur kalla til dómara. Frumskýrsla lögreglu verður því mjög takmörkuð og jafnvel kemur fyrir að sá sem er kærður veit ekki fyrir hvað hann er kærður! Í einu máli þar sem ég var skipuð verjandi var umbj. minn kærður fyrir kynferðislegt og líkamlegt of-



**Berglind
Svavarsdóttir**

hdl.

beldi gagnvart börnum, en ekki lá fyrir hvenær, hvernig eða gegn hverjum. Það hlyti að koma í ljós við skýrslutökur yfir meintum brotaþolum að hann hefði brotið eitthvað af sér eins og lá í kærinni. Ekki þarf að fjölyrða um að rannsókn þessa máls var hætt en mann-orðsmissir umbj. míns var staðreynd sem ekki verður litið fram hjá. Það verður því að gera þá kröfu að kæruskýrsla sé nákvæm þannig að kærður hafi einhverja hugmynd um af hverju hann er kærður og geti tekið afstöðu til kæruefnisins. Hins vegar verður að líta til þess að ef skýrsla yrði

einungis tekin af kærða eftir skýrslutöku af meintum brotaþola þá er ekkert sem kemur í veg fyrir að hann notfæri sér þá skýrslu í sínum framburði.

Gert er ráð fyrir að skýrslutaka skuli að jafnaði fara fram annars staðar en í dómssal sbr. 4. gr. rgj. um tilhögun skýrslutöku fyrir dómi af brotaþola yngri en 18 ára. Á landsbyggðinni er engin aðstaða með tilheyrandi tæknibúnaði nema á Akureyri og ef ekki er hægt að nýta þá aðstöðu þá þurfa málsaðilar og aðrir þeim tengdir að fara til Reykjavíkur, þ.e. brotaþoli, réttargæslumaður, foreldrar, barnaverndarnefndarfulltrúi, dómari, lögregla, verjandi og hugsanlega sakborningur. Þetta getur verið meiriháttar ferðalag með tilheyrandi kostnaði og þess heldur verður að gera þá kröfu að frumrannsókn leiði í ljós að um „mál“ sé að ræða. Ég velti því æ meir fyrir mér af hverju í ósköpunum sé ekki hægt að haga skýrslutökum af brotaþolum á sama hátt og áður, eða hjá lögreglu. Það hefði verið hægt að breyta forminu þannig að hlutaðeigandi væri gert kleift að vera viðstaddur skýrslutöku en ég get því miður ekki sett sama- semmerki á milli þess að vera dómari og þar af leiðandi góður fyrirspyrjandi í skýrslutökum yfir börnum? Hvað gerir dómari betur en lögreglu- maðurinn í því tilliti? Í Danmörku eru það sérfróðir lögreglumenn sem taka skýrslur af börnum

og ungmennum og myndbönd af skýrslutökum vegna 12 ára barna og yngri hafa verið talin gild sönnunargögn fyrir dómstólum. Aukinheldur hlýtur lögreglan að geta kallað til sérfróða aðila alveg eins og dómari. Þau ummæli í greinargerð með frumvarpinu vekja furðu mína að réttaröryggis sé betur gætt við skýrslutöku fyrir dómi en hjá lögreglu þar sem lögreglan heyrir undir ákærvaldið! Til hvers eru lögregluskýrslur? Erum við að hverfa aftur til rannsóknarréttarfarsins?

Þá verður að gera stóran greinarmun á því hvort um er að ræða 17 ára einstakling eða 7 ára gamalt barn. Það liggur í augum uppi að meðferð slíkra mála hlýtur að fara eftir aldri viðkomandi og að mínu mati eru efri aldursmörkin alltof há. Það er spurning hvort ekki mætti miða til dæmis við 12 ára aldursmark.

Samkvæmt 44. gr. laga nr. 19/1991 er meginhlutverk réttargæslumanna (rgm.) að gæta hagsmuna brotþola og veita honum aðstoð í málinu, þar á meðal við að setja fram einkaréttarkröfur. Gert er ráð fyrir að rgm. sé viðstaddur skýrslutöku af brotþola og síðan öll þinghöld í málinu, þó án málfrelsis að meginstefnu til. Að mínu mati er staða rgm. í mörgum tilfellum mjög óskýr og oftar en ekki er um hreint sálgaðslutverk að ræða.

Mér er til efs að lögfræðingar séu eitthvað sérstaklega vel til þess hlutverks fallnir og tel reyndar að betra væri að skipa brotþolum talsmann með sálfræðimenntun að baki.

Til þess að rgm. geti rækt hlutverk sitt af kostgæfni, eins og ráð er fyrir gert í lögnum, þarf hann að sitja öll þinghöld í málinu. Það er dulítið undarlegt að sitja allan daginn án málfrelsis og lítil lögfræði í því fólgin. Þá kemur stundum fyrir að það „gleymist“ að senda rgm. tilkynningar um þinghöld eða útgáfu ákæru. Ef til vill mun hagur rgm. vænkast í komandi framtíð en einnig mætti velta því upp hvort ekki megi hverfa til fortíðar og treysta dómurum, sækjendum og verjendum fyrir því að meðferð máls verði skammlaus. Rgm. getur eftir sem áður gert bótakröfu og flutt hana fyrir dómi.

Eins og að ofan hefur verið rakið þá tel ég í stuttu máli að sá tilgangur laganna, að bæta réttarstöðu brotþola hafi náðst, en með allt of miklum viðbúnaði og tilkostnaði. Þann viðbúnað og tilkostnað mætti að ósekju skerða verulega með því að hverfa að meginstefnu til aftur til þess fyrirkomulags sem var, þannig að frumrannsókn yrði alfarið í höndum lögreglu og réttargæslumenn í því formi sem þeir eru nú verði aflagðir.



HAFÐU EKKI ÁHYGGJUR AF SVEIFLUNNI



*Við bjóðum traustum viðskiptavinum viðtæka fjármálaþjónustu á Sérkjörum.
Njóttu frístundanna áhyggjulaus – við sjáum um fjármálin.*



SKYLDUAÐILD að Lögmannafélaginu er síður en svo sjálfsögð. Helstu rökin fyrir henni hafa verið talin eftirlits- og agahlutverk félagsins, sem veitir umbjóðendum lögmanna tvímælalausa vernd. Félagið hefur því lagt áherslu á að fara sjálft með þetta vald, þótt framkvæmd hafi verið með misjöfnu sniði. Án eftirlits- og agavaldsins yrði ugglaut erfitt að verja einkarétt lögmanna til tiltekinna starfa, sem yfirgnæfandi meirihluti félagsmanna er fylgjandi, samkvæmt könnun. Sú afstaða hlýtur af rökbundinni nauðsyn einnig að þýða að lögmenn séu almennt fylgjandi skylduaðildinni.

Skylduaðild tryggir hins vegar engan veginn að félagsmenn láti sig málefni félagsins einhverju varða. Vegna þess var það mikið gleðiefni hversu vel nýafstaðin árshátíð félagsins var sótt, annað árið í röð, eftir stöðugt minnkandi aðsókn árin áður. Fyrir þetta ber vitaskuld fyrst og fremst að þakka þeim sem hátíðina sóttu og nutu, en öflugri hátíðarnefnd og starfsfólki ber einnig að þakka vel unnið verk.

Aðrir nýafstaðnir viðburðir á félagsins vegum hafa verið síður sóttir, en eru þó fyrir sitt leyti síst ómerkilegri en árshátíðin. Á aðalfundi félagsins leifði engu af því að almennir fundarmenn væru fleiri en þeir sem sátu í eða voru í framboði til stjórnar. Á fundi sem haldinn var um aukið samstarf félagsdeildar við önnur félög lögfræðinga, aðallega lögfræðingafélagið, voru fundarmenn ríflega tuttugu. Á fund, sem haldinn var nýlega undir yfirskriftinni „Opinber umfjöllun um dómsmál“, þar sem m. a. var að því spurt hvort nýlegur dómur Hæstaréttar fæli í sér aðför að tjáningarfrelsi lögmanna, voru fundarmenn úr hópi félagsmanna nánast vandræðalega fáir.

Löggjafinn hefur skipað lögmönnum að hafa með sér félag og þeir einir geta kallað sig lögmenn, sem eru félagsmenn. Félaginu er, að skipan löggjafans og eigin samþykktum, ætlað hlutverk sem miklu varðar um störf allra lögmanna. Lögmenn ættu því að láta sig málefni

félagsins varða, jafnvel þótt einungis væri af eigingjörnum hvötum. Sem fæddur Kennedy aðdáandi teldi ég þó enn betra að félagsmenn spyrðu hvað þeir gætu gert fyrir félagið, ekki einungis hvað félagið geti gert fyrir þá.



Gunnar Jónsson

hrl.

Stjórn félagsins ætlar ekki að láta mótyr, sem döpur aðsókn að nefndum viðburðum kann að virðast, draga úr sér kjark. Þvert á móti er beinlínis að því stefnt að fjölga félagsfundum, m. a. í því skyni að stjórnin skynji betur hug félagsmanna til ýmissa málefna, sem félagið þarf að fást við. Þannig er t. d. fyrirhugað að funda um það hvort rétt sé að á félagsins vegum starfi föst siðareglanefnd. Forveri minn einn í starfi telur „að til séu algild sannindi og kröfur til siðlegrar

hegðunar breytist ekki í neinum meginatriðum“, en engu að síður þurfi að taka tillit til breytinga sem verða kunn. Um þetta er ráð evrópskra lögmannafélaga, CCBE, honum sam mála. Á vegum þess eru siðareglur í sífelldri skoðun. Vegna aðildar okkar að ráðinu verðum við að laga okkur að því sem þar gerist. Mér hefur líka sýnst sem full þörf sé á því að menn haldi vöku sinni, ekki síst í málum þar sem leikast á trúnaðarskylda annars vegar og eftirlitslutverk stjórnvalda hins vegar.

Fleiri fundir eru þegar fyrirhugaðir, enda til efnið mörg. Má þar t. d. nefna hvort og þá með hvaða hætti félagið geti stuðlað að því að almenningi verði auðveldað að leita réttar síns fyrir stjórnvöldum, t. d. með einhvers konar gjafsóknarheimild og auknum heimildum til ákvörðunar málskostnaðar fyrir stjórnslu nefndum og hvort þörf sé á að skylda lögmenn til endurmenntunar, sem víða tíðkast. Fleira mætti tína til og verður gert, að því gefnu að menn sinni því herkali til betri fundarsóknar, sem þessum orðum er ætlað að vera.

Jakob R. Möller, hrl. og fyrrum formaður, barðist hvatskeytlega gegn svokölluðu fjölgreinasamstarfi, eða því sem hann sagði tilraunir endurskoðunarstofa til þess að stofna til lögmansrekstrar. Fyrir það uppskar hann mis-

Heimasíður lögmanna

NÝJAR samskiptaleiðir og tækni fela í sér aukin tækifæri fyrir lögmenntil þess að kynna þjónustu sína og markaðssetja sig. Lögmenn hafa í vaxandi mæli sett upp heimasíður með upplýsingum um starfsemi sína. Þáttur í þjónustu lögmanna við viðskiptavini sína er að hafa heimasíðu með ákveðnum grunnupplýsingum. Tilgangur lögmanna með heimasíðum getur verið mjög ólíkur og því er ekki hægt að tala um einhverja eina rétta útgáfu af heimasíðum. Hins vegar verður að gera ákveðnar grundvallarkröfur um efni heimasíðna, þannig að þær þjóni notendum þeirra eða þeim markhópi sem ná á til. Í fyrsta lagi, þarf að vera auðvelt að finna viðkomandi heimasíðu, veffang lögmennsstofu verður að vera sambærilegt við það nafn sem viðkomandi lögmennsstofa ber, sbr. Lex lögmennsstofa, veffangið er www.lex.is. Öll frávik, þurfa að vera vel kynnt fyrir notendum, þessu til skýringar má benda á að Rafiðnaðarsamband Íslands (RSÍ) er með mjög metnaðarfulla heimasíðu, veffangið er hins vegar www.rafis.is, sem tengist hvorki heiti félagsins eða skammstöfun þess. Í öðru lagi, þarf að ákveða hvaða upplýsingar eiga að vera á viðkomandi heimasíðu. Almennt þarf heimilisfang, símanúmer og netfang að koma fram á áberandi hátt í forgrunni heimasíðu, svo auðvelt sé fyrir notendur að hafa samband við viðkomandi lögmennsstofu.



Guðrún Björg Birgisdóttir

hdl.

Áður en heimasíða er gerð þarf að ákveða hvað eigi að leggja áherslu á með heimasíðu, þ.e. hvort heimasíða eigi að vera einungis til upplýsinga um lögmennsstofu og starfsemi hennar. Einnig kemur til að greina að veita upplýsingar um tiltekin réttatriði og eins segja fréttir af starfsemi stofunnar. Að mínu mati ættu lögmenn ekki að leggja áherslu á fréttir af starfsemi á heimasíðum. Upplýsingar um réttarstöðu og framgang í einstökum málaflokkum geta hins vegar verið mjög gagnlegar, sbr. umfjöllun um fjárskipti við skilnað hjóna á heimasíðunni www.logstofa.is. Framsetning þessara upplýsinga eru til fyrirmyndar.

Nauðsynlegt er að hafa samræmi í upplýsingagjöf og útliti texta á heimasíðu, við skoðun mína á heimasíðum íslenskra lögmanna er augljóst að þetta hefur verið vanrækt að verulegu leyti.

Þrátt fyrir að umdeilanlegt sé hvort og þá hvaða tilgangi heimasíður þjóni, er það álit undirritaðrar að ef ákveðið er að af hálfu lögmenns að hafa heimasíðu, þurfi að hafa í huga ákveðin grundvallarviðmið um skilyrði og innihald slíkra heimasíðna. Til viðbótar þeim viðmiðum sem áður hefur verið komið inn á hér, er rétt að ítreka mikilvægi þess að heimasíða sé alltaf rétt og reglulega uppfærð.

Framhald

jafnar þakkir. Baráttan var þó í raun ekki annað en endurómur þess sem á þeim tíma var helsta baráttumál lögmennafélaga um heim allan. Þar barðist Davíð við Golíat, enda engar lögmennsstofur svo öflugar að væru einu sinni nálægt því að vera í sömu deild og stóru endurskoðunarstofurnar. En rétt eins og í gamla testamentinu náði Davíð að koma á óvart. Áfangasigur hafðist með ákvörðun bandaríska verðbréfaeftirlitsins, þess efnis að ekki gæti farið saman eftirlitshlutverk endurskoðenda

og ráðgjafarstörf. Annar sigur hafðist síðan fyrir Evrópuðómstólnum 19. febrúar sl. í svokölluðu Nova máli, sem framkvæmdastjóri félagsins hefur þegar gert grein fyrir á þessum vettvangi. Þetta tvennt verður þó sem hjóm eitt hjá því sem margir andstæðingar fjölgreinasamstarfsins telja síðasta naglann í líkkistu þess, Enron málið. Hald andstæðinganna er að rök gegn fjölgreinasamstarfi héðan í frá þurfi ekki að vera annað en einföld spurning; manstu eftir Enron?

Heimildaleit á Netinu

Á TÍMUM örra tæknibreytinga, áhræða og framþróunar í upplýsingatækni og netnotkun hafa skapast mörg ný tækifæri til miðlunar upplýsinga á öllum sviðum. Þessu fylgja þó jafnframt síauknar kröfur til þess að menn fylgist með nýjungum og tileinki sér breytta hætti. Þetta á ekki síður við um lögmenn en aðrar sérfræðingastéttir, en aðgengi að lögfræðilegum heimildum á rafrænu formi hefur farið ört batnandi á undanförunum árum. Má öllum ljóst vera að í notkun slíkra miðla felst ótvíræður tíma- og vinnusparnaður frá því sem áður var og gera má ráð fyrir að rafræn birting lögfræðilegra heimilda, s.s. laga, dóma og stjórnvaldserinda, muni smám saman leysa hinar prentuðu útgáfur af hólmi. Helsti kosturinn er að ávallt er hægt að bjóða upp á nýjustu upplýsingar á fljótlegan og einfaldan hátt með litlum tilkostnaði. Mikilvægt er þó að þær séu settar fram á skýran hátt og þeim séu haldið reglulega við, því annars missa þær áreiðanleika sinn og er þá verr af stað farið en heima setið.

Þótt Netið (Internetið) eigi sér ekki ýkja langa sögu, hefur það stækkað gríðarlega á undanförunum tveimur áratugum og hefur útbreiðsla þess og almenn notkun aukist jafnt og þétt. Ætla má að á degi hverjum bætist við hundruðir eða þúsundir nýrra vefsíðna og að tugmilljónir manna séu að nota Netið samtímis á hverjum tíma. Er almenn netnotkun óvída meiri en hér á landi enda eru Íslendingar þekktir fyrir nýjungagirni. Snemma á síðasta áratug var farið að birta ýmsar íslenskar lögfræðilegar heimildir á Netinu, bæði af hálfu opinberra aðila og einkaaðila, en þessi þróun var þá þegar komin allnokkuð vel á veg erlendis, m.a. á Norðurlöndunum. Samhliða þessu var hafist handa við aðra rafræna útgáfu á geisladiskum, s.s. dómasafn Hæstaréttar. Jafnt og þétt hefur framboð slíkra heimilda aukist og er nú svo komið að á Netinu er hægt að nálgast allar helstu réttarheimildirnar; lög, reglugerðir, dóma, úrskurði, ESB gerðir, alþjóðasamninga o.fl. Hafa íslensk stjórnvöld nú mótað stefnu í málefnum upplýsingasam-



Gunnar Pétursson

hdl.

félagsins og þannig fetað í fótspor grannþjóða okkar, m.a. með opnun **www.rettarheimild.is** á síðasta ári. Þessu verkefni er þó ólokið enn og er þess m.a. vonandi að vænta, að farið verði að birta héraðsdóma á Netinu innan skamms. Flestar opinberar stofnanir eru komnar með vefsíður, þar sem finna má aragrúa af gagnlegum upplýsingum á þeirra sviði og má hið sama segja um ýmis fyrirtæki og hagsmunasamtök. Jafnframt er að finna sérhæfðar vefsíður um lögfræðileg efni, s.s. **www.rettur.is**, sem flestum er kunn. Síðast en ekki síst er að finna ýmsa gagnabanka, skrár og aðrar upplýsingaveitur á Netinu, sem auðvelda störf lögmanna á einn eða annan hátt. Of langt mál er að telja þær hér, en nefna má t.d. þjóðskrá, hlutafélagaskrá, firmaskrá, bifreiðaskrá, skipaskrá o.m.fl.

Á Netinu er að finna gríðarlegt magn upplýsinga á flestum sviðum mannlífsins, en þær eru hins vegar oft á tíðum sundurleitar og ekki nægjanlega aðgengilegar. Öll leit getur því tekið talsverðan tíma og ber ekki alltaf árangur. Á mörgum heimasíðum er að finna tengla yfir á aðrar síður sem innihalda upplýsingar um skyld efni og þannig má oft rekja sig áfram að því sem leitað er að. Þessi aðferð getur þó reynst bæði tímafrek og óskilvirk. Ýmis hjálpartæki eru hins vegar í boði og má þá fyrst nefna leitarvélar eins og t.d. **www.leit.is**, sem sérstaklega er ætluð til þess að finna íslenskar heimildir. Með öflugum erlendum leitarvélum má finna flest það sem hugurinn girnist og má sem dæmi nefna **www.findlaw.com**, sem sérstaklega er ætlað að finna lögfræðilegar heimildir (aðallega bandarískar) og tengt efni. Á Netinu er einnig að finna margskonar vefsíðusöfn þar sem teknar eru saman efnisflokkar skrár yfir vefsíður, sem innihalda upplýsingar um tiltekið efni og nálgast má með einum músarsmelli. Þetta er oftast einfaldasta og fljótlegasta leiðin til að finna það sem leitað er að og notast jafnt vanir sem óvanir netnotendur við þessa aðferð. Til eru íslensk vefsíðusöfn sem sérstaklega eru sniðin að þörfum lögfræðinga, en þaðan má nálgast megin-

þorra þess efnis sem í boði er á íslenskum vefsíðum um lögfræðitengd efni, auk nokkurs magns af erlendum vefsíðum, einkum norrænum. Síðastliðin 7 ár hefur greinarhöfundur sjálfur safnað saman á slíku vefsíðusafni miklu magni hagnýtra lögfræðilegra heimilda, til hægðarauka fyrir lagana, lögfræðinga og aðra áhugasama. Hefur það stækkað verulega að efni og umfangi á þessum

árum og er nú líklega orðið yfirgripsmesta vefsíðusafnið á þessu sviði, a.m.k. hérlandis og hefur náð talsverðri útbreiðslu. Slóðin er www.islandia.is/gunnarpe og er mælt til þess að lögmennt gefi sér stund til að kynna sér efni síðunnar, en að fenginni reynslu er líklegt að það muni spara mikinn tíma og vinnu síðar, þegar leita þarf lögfræðilegra heimilda.

Málflutningsfélagið LÖGBERG í góðu gengi



LÖGBERG, sem er málflutningsfélag lagana undir formennsku Sifjar Konráðsdóttur hrl., hlaut gott gengi í skriflegum hluta Norrænu málflutningskeppninnar í ár. Tólf lið keppa að vanda og fyrir greinargerðir hlaut LÖGBERG þriðju hæstu meðaleinkunn og hæstu einkunn fyrir varnargreinargerð sína. Keppt er í málflutningi á sviði Mannréttindsáttmála Evrópu og að þessu sinni er fjallað um friðhelgi fjölskyldulífs. Margir lögmennt hafa stutt við bakið á þátttakendum, sem og Lögmannafélagið, dómsmálaráðuneytið og fleiri aðilar. Umboðsmaður Alþingis lagði til vinnuáðstöðu og aðgang að bókasafni. Lokaæfing fór fram í Hér-

aðsdómi Reykjavíkur. Helgina 8. og 9. júní n.k. kemur svo í ljós hvernig þetta hardsnúna lið stendur sig í málflutningi í keppninni, sem að þessu sinni fer fram í Stokkhólmi.

Á myndinni er glaðbeitt málflutningslið með eldri keppendum og fræðilegum umsjónarmanni: Bjarni Már Magnússon, Jóhanna Kristín Claessen, Þórður Sveinsson, Dýrleif Kristjánsdóttir, Arnar Þór Stefánsson, Björg Thorarensen, Helga Hauksdóttir, Bergþóra Ingólfssdóttir, Ásta Stefánsdóttir, Hulda Elsa Björgvinsdóttir, Kristín Benediktsdóttir og Gunnar Þór Þórarinsson.

GLÆPUR OG REFSING

Viðurlög við glæpum á Íslandi — er breytinga þörf

Málþingið hefst kl. 10.00 og formlegri dagskrá lýkur um kl. 16.15.

Rútuferðir verða frá skrifstofum LMFÍ kl. 9.00 um morguninn.

Hádegisverður er á milli kl. 12-14 og að loknum fyrirlestrum verða pallborðsumræður.

FUNDARSTJÓRI:

Ingibjörg Benediksdóttir, hæstaréttardómari.

FYRIRLESARAR:

Sigurður Tómas Magnússon

héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur og
formaður Dómstólaráðs.

ÞRÓUN REFSINGA

Í erindinu verður fjallað um samanburð á þyngd refsinga frá einu tímabili til annars og milli landa. Fjallað verður um þau vandamál sem er við að glíma við samanburð á refsingum fyrir mismunandi tegundir brota. Reynt verður að varpa ljósi á þá þætti sem vega þyngst við ákvörðun refsinga fyrir einstaka tegundir brota. Einkum verður fjallað um refsingar fyrir ofbeldisbrot og önnur alvarleg brot.

Jón Þór Ólason

lögfræðingur í dómsmálaráðuneytinu og stundakennari
í refsirétti við Háskóla Íslands.

EÐLI OG ÞRÓUN VIÐURLAGAKERFISINS – dómstóll götunnar

Sigríður J. Friðjónsdóttir

saksóknari við embætti ríkissaksóknara.

ÁKVÖRÐUN REFSINGAR

– hvert er svigrúm dómstóla með hliðsjón
af jafnræðissjónarmiðum?

Erlendur S. Baldursson

afbrotafræðingur hjá Fangelsismálastofnun.

FANGELSI Í FORTÍÐ, NÚTÍÐ OG FRAMTÍÐ

Erlendur skoðar þetta form refsingar frá upphafi og ræða hvernig fangelsið hefur staðist tímans tönn og hver staða þess verður í framtíðinni. Inn í þetta verður fléttað afbrotafræðilegum vanga-
væltum og frásögn eigin reynslu.

Hilmar Ingimundarson

hæstaréttarlögmaður.

ÁKVÖRÐUN REFSINGA Á ÍSLANDI, sjónarmið verjanda.

Þór Jónsson

varafréttastjóri Stöðvar 2.

DÓMUR ALMENNINGS

Fjallað verður um álit almennings á dómstólunum, skilning hans á dómskerfinu og afstöðu til dóma í málum, sem vakin er athygli á í fjölmiðlum, einkum manndráps- og kynferðisbrotamálum.

Um glæpi og refsingar

SÍÐUSTU misseri hefur orðið talsverð umræða um afbrot og refsingar. Hefur hún verið nokkuð einlit í þá áttina að herða þurfi refsingar, sérstaklega í fíkniefnabrotum, ofbeldisbrotum og kynferðisbrotum. Umræða þessi hefur valdið mér nokkrum vonbrigðum þar sem hún hefur, að því er virðist, að mestu stjórnast af heift og hefndarhug. Ég fagna því málþingi Lögmannafélagsins sem fyrirhugað er 7. júní n.k. til að ræða þessi mál og ber yfirskriftina „glæpur og refsing“.



Brynjar Nielsson

hrl.

Greinarstúfur þessi er ekki fræðileg eða vísindaleg úttekt um efnið heldur hugleiðingar og sjónarmið mín sem ég vonast til að geti leitt til þess að umræðan færist í eðlilegri og umburðarlyndari farveg.

Ég held að flestir séu sammála um að krafa almennings er og hefur verið undanfarin ár að herða skuli refsingar almennt og verið sérstaklega hávær í framangreindum brotaflokkum. Þessi krafa kom fyrst fram í umræðum um vandann sem tengist neyslu ávana- og fíkniefna. Af einhverjum óskiljanlegum ástæðum töldu margir lausnina á vandnum felast í hertum refsingum. Þunginn í umræðunni var slíkur að dómur þyngdust sem síðar leiddi til þess að löggjafinn hækkaði refsirammann. Það er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt við það að löggjafinn láti undan þrýstingi almennings hverju sinni enda getur falist í því talsverður pólitískur ávinningur. Verra finnst mér hins vegar ef dómstólar eru of fljótir að elta almenningsálitid. Það er nefnilega einu sinni þannig að almenningsálitid getur verið mjög sveiflukennt og stjórnast oft af fjölmiðla-umræðunni hverju sinni. Gott dæmi um þetta er breytingin á fíkniefnaumræðunni undanfarna mánuði þar sem önnur sjónarmið hafa komið fram en áður og rök færð fyrir því að hertar refsingar séu ekki til bóta og jafnvel frekar til skaða.

Umræðan um refsingar má ekki stjórnast af hefndinni því þá er hætt við að hatrið magnist upp og öfgarnar verði áberandi.

Nú hefur umræðan um hertar refsingar færst frá fíkniefnabrotum yfir í kynferðisbrot. Mér finnst sú umræða skiljanlegri þar sem staða þolandans er allt öðruvísi en þolandans í fíkniefnabroti ef hægt er að tala um þolanda slíks brots. Brotaboli í kynferðisbrotum, sérstaklega þeim sem snúa að börnum, er varnalaus meðan neytandi fíkniefna tekur sjálfstæða ákvörðun um neyslu hins ólöglega efnis. Það finnst því mörgum öfugsnúid að refsing við alvarlegu kynferðisbroti sé minni en við innflutningi eða vörslum á ólöglegum fíkniefnum. Hér er því um að ræða ósamræmi í refsingum með hliðsjón af alvarleika brots sem ég get fallist á að leiðrétta þurfi. Spurningin er því sú hvort herða eigi refsingar við kynferðisbrotum og hugsanlegum öðrum brotum svo samræmis sé gætt eða hvort eðlilegra væri að milda refsingar í fíkniefnabrotum. Mitt mat er að nærtækara sé að milda refsingar við fíkniefnabrotum og líta verði á þau mál sem heilbrigðisvandamál frekar en glæpi.

Í allri umræðunni má ekki gleyma hver tilgangurinn er með refsingum. Hann er fyrst og fremst sá að koma í veg fyrir eða draga úr fjölda afbrota. Hafa hertar refsingar, t.d. í fíkniefnamálum, dregið úr afbrotum? Eru afbrot fátíðari í löndum þar sem refsingar eru þyngri? Viðhorf almennings til refsinga virðist mótast að mestu leyti af hefndinni. Skýringar á því eru að mínu mati þær að harmleikurinn sem oft fylgir brotum er orðinn svo nálægur okkur gegnum fjölmiðlaumfjöllun og afþreyingarefni alls konar. Það er mannlegt að fyllast hatri gegn gerandanum þegar ítarleg umfjöllun er um afleiðingar verknáðarins og auðvelt verður að setja sig í spor þolandans og aðstandenda hans. En það eru fleiri hliðar sem þarf að líta til þegar meta þarf hve þungar refsingar eiga að vera. Hvar liggja hagsmunir

samfélagsins og leysa þyngri refsingar einhvern vanda?

Hagsmunir samfélagsins sem verið er að verja með refsingum er að varna því að framin séu afbrot og koma í veg fyrir að sá sem einu sinni hefur framið afbrot geri það aftur, þ.e.a.s. að afbrotamaðurinn verði betri eftir refsivistina. Næst þessi tilgangur með þyngri refsingum en nú er? Þessari spurningu svara ég neitandi vegna þess að ég hef ekki fundið haldgóð rök fyrir því. Reynsla annarra, t.d. Bandaríkjamanna, gefur okkur ekki ástæðu til að þyngja refsingar í þeim tilgangi að minnka afbrot. Ýmsir hafa bent á að þyngri refsingar geri glæpaumhverfið harðsvíraðra og grófara enda meira undir þegar þung viðurlög eru við brotum.

Það má ekki skilja orð mín svo að ekki eigi að refsa fyrir afbrot. Það er að mínu mati nauðsynlegt að brotamaður finni til ábyrgðar auk þess sem þær eru nauðsynlegar út frá varnaðarsjónarmiðum. Refsingar þurfa hins vegar ekki alltaf að felast í langri fangelsisvist til að varnaðaráhrifum þeirra sé náð. Umræðan um refsingar má ekki stjórnast af hefndinni því þá er hætt við að hatrið magnist upp og öfgarnar verði áberandi. Þyngjum því ekki refsingar nema að vel athuguðu máli og látum þær ekki ráðast af dægurumræðunni hverju sinni. Við ættum frekar að einbeita okkur að því að gera refsivistina árangursríkari.

Þótt þessi stutta grein mín fjalli um refsingar eru áhyggjur mínar ekki mestar yfir því hvort þær séu almennt of þungar eða of vægar. Áhyggjur mínar beinast meira að sönnun og sönnunarmati í opinberum málum. Það er ljóst að barátta ýmissa þrýstihópa fyrir því að slakað verði á sönnunarkröfum í kynferðisbrotamálum hefur borið árangur og margt sem bendir til þess að vafinn á sekt sé ekki skýrður ákærða í hag. Sú þróun mun óhjákvæmilega verða til þess að saklausir einstaklingar munu í framtíðinni sæta refsivist ef það hefur ekki þegar gerst. Þessi umfjöllun er efni á aðra grein og fræðilegri.

TIL LEIGU / SÖLU

Lögmenn Borgartúni 33 hafa beðið blaðið að koma á framfæri að þar sem tveir lögmanna þar eru að draga sig út úr lögmennsku, annar vegna aldurs og hinn hyggst snúa sér að öðru starfi, þá losnar og verður til ráðstöfunar góð aðstaða fyrir tvo lögmenn. Áhugasamir snúi sér til Lögmanna Borgartúni 33, Guðmundar Jónssonar eða Ásgeirs Björnssonar, sími 562 9888.

Groa@leiti.is

Kven/karlsmannslaus í kulda og trekki...

Sæl. Alveg datt mér í hug ofangreint kvæðisbrot, sem helst er sungið af gorgeir nokkrum í lopapeysustemmningu af sitthvoru kyninu með sitthvorum textanum, þarna á árhátíðinni þegar veislustjóri fór að spæla okkur. Svakalega getur mannskapurinn annars orðið vanstilltur af litlu, og hallaði þar varla á!

Kveðja, Gróa.

Nagaðir bílar.

Blessuð. Fannst þér annars ekki heiðursgesturinn Eldjárn ekki góður? Svo var það líka bráðkostulegt við hrossa-nagerís-jappa-söguna að hann skyldi detta svona niður á veruleikann eins og hann birtist kollega okkar honum Jóhannesi Bjarna hérna um árið. Hann efndi víst til málaferla um sinn bíl.

Kveðja, Gróa.

Séntilmenn.

Sæl enn, ég er enn að hugsa um árhátíðina. Mikið var gaman að sjá virðulegan miðaldra hæstaréttarlögmanninn yngjast um mörg ár og sörvera guðaveigarnar til einnar af yngri meðlimum félagsins. Gott að vita að séntilmenn finnast enn í þessum kallaklúbbi!

Bæ, Gróa.

Meiri/minni félagar.

Hvernig er þetta með sumt fólk? Ég var að heyra að lögmannsfulltrúar séu eitthvað fornem yfir því að að vera gert lægra undir höfði í símaskrá félagsins á hjemmesíðunni. Þeim finnst það eitthvað skritið að einungis sé hægt að finna nöfn þeirra djúpt í undirdjúpum síðunum. Furðulegt nokk, þeir eru greinilega ekki nógu vel lesnir í Orwell.

Ble, Gróa.

Um refsíákvarðanir og réttarvitund almennings

I. Inngangur

Að undanfögnu hefur því borið við í þjóðfélagsumræðunni að dómstólar hafi verið gagnrýndir fyrir „misræmi“ í refsíákvörðunum sínum. Enda þótt erfitt sé að henda reiður á hvað nákvæmlega er átt við hef ég skilið umræðuna þannig að mönnum finnist það órókrétt og raunar ósanngarnt að refsíákvarðanir vegna einnar tegundar afbrota, s.s. fíkniefnabrota, hafi að jafnaði í för með sér langtum strangari refsingu heldur en þegar dæmt er fyrir önnur afbrot, s.s. kynferðisbrot. Undir niðri virðist þessi umræða endurspegla það viðhorf af hálfu þátttakenda að þar sem fíkniefnabrot verða almennt ekki talin siðferðilega ámælisverðari heldur en kynferðisbrot þá sé rangt af hálfu dómstóla að refsa innflytjanda fíkniefna með 8-10 ára óskil-orðsbundinni fangelsisrefsingu en manningum sem misnotar barn sitt með 12-15 mánaða fangelsi.

Í þessum stutta greinarstúf verður því haldið fram að dómendum sé að jafnaði rétt og skylt að virða umræðu sem þessa að vettugi í ljósi eðlis og helstu einkenna hins íslenska refsivörslukerfis. Auk þess verður staðhæft að krafan um samkvæmni í refsíákvörðunum á milli eðlisólíkra flokka afbrota sé órókrétt.

II. Réttarvitund almennings og refsíákvarðanir dómstóla

Almennt hefur verið gengið út frá því að það sé eitt meginhlutverk dómstóla að ákvarða umfang og eðli refsinga í tilefni af refsiverðri háttsemi. Þau sjónarmið sem dómstólar verða að hafa í huga við refsíákvörðunina verða seint tæmandi talin. Eru



Róbert R. Spanó

mag. jur., aðstoðar-
maður umboðsmanns
Alþingis og aðjúnt við
lagadeild Háskóla
Íslands

þau að nokkru leyti afstæð með tilliti til eðlis þess máls sem um ræðir og þá einkum efnis viðkomandi refsíákvæðis. Hér á landi, eins og víðast hvar annars staðar, hefur löggjafinn að jafnaði farið þá leið að veita dómstólunum nokkuð rúmt svigrúm þegar fyrir þeim liggur að ákvarða refsingu. Löggjafinn mælir jafnan fyrir um hvaða refsitengundir, ein eða fleiri, geta komið til vegna tiltekinnar háttsemi, s.s. fangelsi og/eða fjársektir, auk þess sem hann afmarkar hlutlega umgjörð refsingarinnar (refsirammann) með því að mæla fyrir um leyfilega lágmarks- og hámarksrefsingu.

Það leiðir af 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar að gild refsiregla verður að endurspegla lýðræðislega ákvarðana-

töku kjörinna fulltrúa á Alþingi. Þessi stjórnskipulega lagaáskilnaðarregla gerir nánar tiltekið þá kröfu að ákvörðun um það hvort og þá með hvaða hætti refsað verði fyrir tiltekna athöfn manna, eða eftir atvikum athafnaleysi, verði aðeins tekin eftir umræður á löggjafarþinginu. Eins og endranær er rétt og eðlilegt að réttarvitund almennings hafi áhrif á þessu stigi, þ.e.a.s. við setningu refsíákvæðisins, enda er það hlutverk löggjafans að sjá til þess að vilji þjóðarinnar, a.m.k. meirihlutans, endurspeglit í refsilöggjöfinni (eins og í annarri löggjöf sem sett er hverju sinni). Það er hins vegar

ennfremur hlutverk og verkefni löggjafans að setja þjóðfélagsumræðuna í rökrænt og málefnalegt samhengi þannig að það refsíákvæði sem lögfest er sé í samræmi við kröfur stjórnarskrárinnar og almenn siðferðis- og sanngirnissjónarmið.

Þegar löggjafinn hefur sett refsíákvæði í samræmi við meginregluna um lögbundnar refsíheimildir, sbr. 1. mgr. 69.

Auk þess verður staðhæft að krafan um samkvæmni í refsíákvörðunum á milli eðlisólíkra flokka afbrota sé órókrétt.

gr. stjórnarskrárinnar, er það verkefni dómstólanna að beita refsíákvæðinu í einstökum tilvikum. Spurningin er þá sú hvort dómstólum sé heimilt eða jafnvel skylt að taka tillit til umræðunnar á hverjum tíma í þjóðfélaginu við mat á því hvaða refsingu skuli beita í tilteknu máli. Svar mitt við þeirri spurningu er eins og áður segir neitandi. Ég legg á það áherslu að með þessu er ekki verið að halda því fram að þjóðfélagssumræðan hafi í raun engin áhrif á dómendur. Ég er viss um að svo sé, sjá hér t.d. nýlegan dóm Hæstaréttar frá 2. maí 2002 í máli nr. 28/2002. Mín skoðun er hins vegar sú að þegar refsíákvæði hefur verið birt með lögformlegum hætti í A-deild Stjórnartíðinda beri dómendum ekki að taka tillit í refsíákvörðunum sínum til hinnar tilfinningaþrungnu og oft á tíðum samhengislausu raddar samfélagsins. Réttarvitund almennings er of óáþreifanlegt og óákveðið viðmið til þess að það sé nothæft við það harla erfiða verkefni að ákvarða mönnum refsingu. Hér koma auk þess til fleiri rök sem ekki er tómt til þess að reifa hér sérstaklega, s.s. réttarfarsleg sjónarmið um stöðu ákærða í þessu samhengi og um sönnun- arbyrði fyrir tilvist tiltekinna viðhorfa í samfélaginu.

III.

Misræmi í refsíákvörðunum

Dómstólar eins og aðrir handhafar ríkisvalds eru bundnir af jafnræðisreglum. Á þetta ekki síst við þegar dómstólar ákvarða mönnum refsingu. Þegar dómstólar eru gagnrýndir fyrir að sýna ekki samkvæmni í úrlausnum sínum í refsímálum er í raun verið að styðjast við slík jafnræðisviðhorf. Hafa verður hins vegar í huga að það eru eðlislæg takmörk fyrir því að hvaða marki mögulegt er að bera saman refsingar í mismunandi brotaflokkum. Raunar tel ég að þegar þeir flokkar afbrota sem bornir eru saman eru eðlisólíkir, eins og þegar um er að ræða fíkniefnabrot annars vegar og kynferðisbrot hins vegar, sé slíkur samanburður ekki tækur. Það eru þannig ekki sannfærandi rök að halda því fram að þar sem dómstólar kunna að dæma menn í óskilorðsbundið fangelsi sem nálgast hámarksrefsingu 173. gr. a almennra hegning- arlaga, nr. 19/1940, verði dómstólar til að sýna samkvæmni og gera hið sama í málum þar sem sakfelld hefur verið fyrir brot á 194. gr. hgl. eða a.m.k. að hækka refsingar í slíkum málum frá því sem nú er. Tiltölulega háar refsingar fyrir inn- flutning fíkniefna veita ekki kröfum um hækkun refsinga í kynferðisbrotamálum haldbæran stuð- ning enda eru þessir brotaflokkar eðlisólíkir. Hafa

verður á hinn bóginn í huga að þegar refsíákværð- anir vegna kynferðisbrota eru skoðaðar í sam- hengi við slíkar ákvarðanir í öðrum áþekktum brotaflokkum, s.s. ofbeldisbrotum og brotum er tengjast trúnaðarskyldum geranda gagnvart brota- þola, má halda því fram að dómstólar gæti að meginsteftu til innbyrðis samræmis.

Að lokum legg ég á það áherslu að það er allt annar handleggur hvort og þá með hvaða hætti refsíákværðanir í kynferðisbrotamálum eða fíkn- efnamálum, metnum sjálfstætt og ef til vill í sam- hengi við eðlislík afbrot, feli í sér eðlilegt refsimat miðað við þann refsiramma sem viðkomandi refsíákvæði hefur að geyma. Sýnist sitt hverjum í því efni. Dómstólar eiga hins vegar ekki að breyta réttarframkvæmd sinni um það atriði á stuttum tíma nema óánægjuraddirnar hafi fengið hljó- grunn hjá löggjafanum með setningu nýs refsí- kvæðis sem hefur að geyma ákall til dómstóla um að herða skuli tökin.

**Þýðingar
og textaráðgjöf**

**Löggiltar og almennar þýðingar
á ensku, norðurlandamál,
frönsku, þýsku og rússnesku
(nú þýðendur og túlkar).**

Dóm og skýrslutökutúlkun.

Ellen Ingvadóttir
Löggiltur dómtúlkur og skjalþýðandi.
Laugavegi 163a - sími: 562-6588
bréfsími: 562-6551 - GSM: 897-2717
netfang: ellening@simnet.is

Fréttir frá félagsdeild

New York september 2002

Námsferðin til New York hefur fengið frábærar viðtökur. Ríflega 50 manns hafa ákveðið að fara og er hópurinn blanda af lögmönnum og lögfræðingum á öllum aldri. Tilboð bárust frá Flugleiðum og Úrval Útsýn en tilboði Flugleiða var tekið. Í boði var gisting á tveimur hótélum: Hotel Beacon og The Stanhope Park Hyatt Hotel. Verðmunur var töluverður á herbergjum en Hyatt er öllu íburðarmeira. Flug og gisting í tveggja manna herbergi á mann á Beacon er kr. 92.000.- og kr. 116.000.- á Hyatt, en í báðum verðum eru skattar og forfallagjöld innifalin. Auk þess bætist við kostnaður við fararstjórn, rútur og fleira ca. kr. 5.000.- 10.000.- á mann. Nær allir hafa valið að dvelja á Beacon. Á heimasíðu LMFÍ er að finna allar frekari upplýsingar um ferðina, hótelin og fleira.

Slóðin er www.lmfi.is/felagsdeild/namskeid fyrir lögmenn

Dagskráin er enn í vinnslu en staðfest er heimsókn til Sameinuðu þjóðanna fimmtudaginn 5. september. Þar verður boðið upp á fyrirlestra frá lögfræði- og mannréttindadeild auk þess sem boðið verður upp á kynnisferð um húsakynninn. Þórdís Ingvadóttir lögfræðingur, sem starfar í New York, mun væntanlega halda fyrirlestur um alþjóðasakamáladómstólinn en samningur um hann tekur gildi 1. júlí 2002. Gréta Gunnarsdóttir, varafastafulltrúi Íslands hjá SP, hefur verið sérlega hjálpleg við alla skipulagningu á heimsókninni til Sameinuðu þjóðanna.

Verið er að kanna möguleika á heimsókn í kauphöllina á Wall Street föstudaginn 6. september en Kaupþing í New York hefur aðstoðað við þá skipulagningu. Eftir 11. september 2001 hefur verið lokað fyrir heimsóknir almennings í kauphöllina en verðbréfafyrirtæki hafa fengið undanþágu. Kaupþing hefur einnig boðið hópnum til móttöku seinni part föstudagsins.

Heimsóknir í dómstól, lögmannafélag og til lögmannsstofu eru einnig fyrirhugaðar. Verður það vænanlega staðfest í maí. Laugardaginn 7. september verður boðið upp á kynnisferð um



Jóna K.
Kristinsdóttir

borgina fyrir þá sem vilja fá allan pakkann á fjórum tímum. Verður hægt að ganga frá ferðinni og greiða hér heima með milligöngu Flugleiða. Væntanlega verður m.a. siglt út í Frelsisstytuna, farið í China Town og að rústum World Trade Center.

Bóksafn LMFÍ – bækur hverfa

Allt frá því að bókasafn félagsins var opnað hefur verið haldið fast í þá reglu að lána ekki út bækur. Boðið hefur verið upp á ágæta vinnuáðstöðu fyrir þá sem þurfa lengri tíma til dæmis vegna undirbúnings málflytninga. Ekki virðist sem öllum hafi verið kunnugt um tilvist þessara reglu þar sem því miður hefur það brunnið við að bækur hafa horfið af safninu. Það er mjög bagalegt þar sem lögmenn eiga að geta gengið að þeim á vísu stað. Hvetur félagsdeild alla sem gætu legið með bók eða bækur í sínum fórum að senda þær hið fyrsta til síns heima. Hægt er að setja þær í umslag og stinga inn um bréfalúgu á skrifstofu félagsins eða senda í pósti.

Netaðgangur á bókasafninu.

Aðgangur að Réttaríkinu.

Lengi hefur staðið til að nettengja tölvur á bóksafni félagsins. Hefur því verki nú verið lokið og eru tölvurnar nú tvær og hægt að nettengja fartölvur við vinnuborðin. Aðgangur að dómasafni Réttaríkisins hefur verið veittur fyrir bókasafnið og er hægt að leita í dómum Hæstaréttar frá árinu 1940 til dagsins í dag. Til skoðunar er frekari aðgangur að gagnaskrá Réttaríkisins.

Til stendur að kaupa Karnov og UfR með raf-rænu formi en þannig eru uppfærslur alltaf nýjar. Á heimasíðu félagsins hefur verið bætt við nýjum lið „Nýjar bækur“ en þar eru skráðar allar nýkomnar bækur sem berast félaginu. Einnig er þar að finna nýjan aðfangalista bókasafins í Lögbergi.

Kvöldfundur

Lögmannafélags Íslands um opinbera umfjöllun um dómsmál, meðal annars í ljósi dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 306/2001

ÞRIÐJUDAGINN 9. apríl s.l. stóð Lögmannafélag Íslands fyrir kvöldfundi á Grand Hótel til að ræða áhrif aukinnar opinberrar umfjöllun um dómsmál á störf lögmannna, m.a. í ljósi dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 306/2001. Í málinu var Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. dæmdur til greiðslu miskabóta vegna ummæla sinna í fjölmiðlum um dóttur skjólstæðings síns, sem sýknaður hafði verið af refsiverðri háttsemi gagnvart henni. Laut efni fundarins að því hvar mörk tjáningarfrelsis og æruverndar lægju, hvort af umræddum dómi yrðu dregnar ályktanir um tjáningarfrelsi lögmannna og hvað lögmenn ættu eða mættu ganga langt í að tjá sig opinberlega um mál sem þeir hafa með höndum og loks hvort þörf væri breytinga á siðareglum lögmannna. Frummælendur á fundinum voru þeir Jakob R. Möller hrl. og Ástráður Haraldsson hrl.

Í framsögu sinni benti Jakob á að frjáls skoðanaskipti væru undirstaða lýðræðis og að ekki mætti snúa frá tjáningarfrelsi, þó svo eitthvað væri sagt sem mönnum mislíkaði. Lagði Jakob áherslu á að 5. gr. siðareglna lögmannna undirstrikaði að lögmenn nytu, jafnt og aðrir, tjáningarfrelsis á grundvelli 73. gr. stjórnarskrárinnar og ætti öllum að vera ljóst að starfi lögmanns lyki ekki endilega við dómsuppsögu í máli. Lögmaður hefði áfram frelsi til að tjá sig um mál sem hann hefur haft til meðferðar þegar réttmætir hagsmunir skjólstæðings, almennings eða lögmannsins sjálfs krefðust þess. Hins vegar yrðu lögmenn að hafa í huga inntak 34. gr. siðareglanna, þar sem kveðið er á um að lögmaður skuli sýna gagnadilum skjólstæðings síns fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu og þá tillitssemi sem samrýmanleg væri hagsmunum skjólstæðinganna.

Rakti Jakob bakgrunn málsins, m.a. þá miklu



Ingimar Ingason

framkvæmdastjóri
LMFÍ

og óvægu fjölmiðlaumfjöllun sem spratt í kjölfar sýknudóms Hæstaréttar í máli ákærvaldsins gegn skjólstæðingi Jóns Steinars. Þá lýsti Jakob þeirri skoðun sinni að rökstuðningur Hæstaréttar í máli nr. 306/2001 væri rökleysa, auk þess sem dómurinn svaraði ekki þeirri spurningu hvar mörkin milli tjáningarfrelsis og æruverndar lægju. Hins vegar mætti lesa út úr honum að strangari kröfur væru gerðar til lögmannna, sérstaklega þeirra sem hefðu mikla reynslu, hvað varðar staðhæfingar og gildisdóma. Hvatti Jakob til þess að málinu yrði skotið til Mannréttindadómstóls Evrópu í Strassborg.

Um áhrif dómsins á siðareglur lögmannna, taldi Jakob ekki nauðsynlegt að gildandi reglum yrði breytt í kjölfar niðurstöðu Hæstaréttar, þar sem 1. og 2. mgr. 5. gr. reglanna hefðu að geyma sama tjáningarfrelsi og stjórnarskráin. Siðareglur gætu ekki verið strangari en ákvæði stjórnarskrár.

Ástráður kom í framsögu sinni inn á vaxandi áhuga fjölmiðla á dómsmálum, sem m.a. væri til kominn vegna betra aðgengis að dómum. Aukin umfjöllun um dómsmál væri í sjálfu sér jákvæð fyrir opið og lýðræðislegt samfélag. Hins vegar væri ekki sama hvernig slík umfjöllun færi fram og hefðu lögmenn þar mikilvægu hlutverki að gegna, m.a. við að koma fram fyrir hönd skjólstæðinga sinna. Með þáttöku sinni væru lögmenn að leggja inn í umræðuna sérþekkingu sína og að koma á framfæri mótmælum og leiðréttingum við röngum og villandi fréttum af málum. Þyrfti að móta venjur við slíka umfjöllun.

Um niðurstöðu Hæstaréttar í máli 306/2001, taldi Ástráður dóminn vera leiðbeinandi um heimildir lögmannna til að taka þátt í opinberri umræðu, þó svo skautað hafi verið framhjá atriðum sem þyrft hefðu nánari umfjöllun. Meðal annars mætti lesa út úr dómnum að Jóni Steinari hafi verið

heimilt að að blanda sér í umræðuna vegna þess hversu hart var gengið fram af hálfu ýmissa annarra aðila sem tjáðu sig um málið á opinberum vettvangi. Hann hafi hins vegar stigið út fyrir mörk tjáningarfrelsisins og þeir fyrirvarar sem hann setti fyrir ummælum sínum um dóttur skjólstaðings síns hafi ekki nægt til að draga úr áhrifum þeirra. Af dómnum megi draga þá ályktun að tjáningarfrelsi lögmanna sé a.m.k. sett sömu mörk og tjáningarfrelsi almennings. Hins vegar sé því ekki skýrt svarað hvort tjáningarfrelsi lögmanna geti verið takmarkaðra en annarra við sérstakar kringumstæður.

Varðandi nauðsyn þess að breyta siðareglum

lögmanna, þá taldi Ástráður að e.t.v. mætti bæta við ákvæðum með leiðbeinandi reglum fyrir lögmenn um það hvernig rétt væri að ganga fram við þær aðstæður sem dómur í máli nr. 306/2001 fjallar um. Hins vegar gæti verið erfitt að setja niður skýrar og afmarkaðar reglur um það hvernig best sé staðið að slíkri umfjöllun. Líkt og Jakob, hvatti Ástráður Jón Steinar til að fara með málið fyrir Mannréttindadómstól Evrópu.

Auk frummælenda tóku Jóns Steinar Gunnlaugsson hrl., Þórunn Guðmundsdóttir hrl. og Hjörtur Torfason, fyrrverandi hæstaréttardómari, til máls á fundinum.

Tæplega 40 manns sóttu fundinn.

A f Merði lögmanni

Það var hálfgerð ólund í Merði þegar hann gekk út úr Héraðsdómi. Sossöm þurfti ekki að kippa sér upp við það þó málið hefði tapast, það gat alla tíð brugðið til beggja vona, en verra var með flýruglottið á lögmanni gagnaðila þegar dómsorðið var lesið upp. Mörður hefur í gegnum tíðina reynt að tileinka sér að taka málin ekki of persónulega og reynt að fylgja þeirri reglu að samsama sig þeim ekki of um. Gott ef ekki eru ekki einhver orð um þetta í siðareglunum. Hann einsetti sér að kíkja á það við tækifæri. Hitt er verra að gömul minning um keppnisskap lét alltaf á sér kræla á svona stundum. Keppnisskap frá því að Mörður var ungur drengur og atti kappi við Pele, Júsebú, Krjoff og hina kappanna á pollóttum malarvelli í Hlíðunum íklæddur annað hvort finnskum eðalgúmmístígvélum (frá símaframléiðandanum) eða tékkneskum gúmmískóm, allt eftir veðri. Það gengur einhvern veginn ekki almennilega að bæla þetta og taka úrslitum mála af stóískri ró.

Jamm, Mörður yrði víst að sætta sig stöðuna eins og hún var en það var ekki til að léttja hans geð að þurfa að fara með málið til hæstaréttarlögmansins sem fer með flest mál fyrir Mörð á vit höfðingjanna á hólnum. Eitt var að þurfa að umbera það að láta tala niður til sín fyrir málatilbúnadinn í héraði. Hitt var enn verra að þurfa að taka slíku frá sér miklu yngri manni. Mörður er enn að naga sig í handarbökin fyrir að hafa verið svona latur að taka munnlega flutt mál hér í gamla daga þegar 40 mála reglan gilti svo núna þegar rukkidið er nánast horfið allt inn í einhver rukkanagímöld með útlendum nöfnum situr hann uppi með þann kost að fara að sitja um málaskrá Hæstaréttar, helst áður en hún er gefin út, til að ganga bónarveg fyrir kollegana og skæla í þeim að lána sér mál til að sækja um til nefndarinnar, sem fékk það hlutverk að segja nei þegar það þótti ekki lengur sæma að dómstóllinn gerði það sjálfur.

Á meðan hins vegar hann er ekki búinn að manna sig upp í þetta þá er bara að hlusta á ræðuna um hvernig best hefði verið að hafa málið í laginu í upphafi og hve knár kolleginn með errið góða hefði verið í hinu eða þessu málinu og hve snaggaralega hann hefði brugðist við lymskulegum tilraunum lævísra kollega til að afvegaleiða dómara málsins. Þetta þyrfti Mörður að þola og á að hlusta en strákskrattinn hefur reynt svo drjúgur í áfrýjununum að Mörður gat illa réttlætt það fyrir sér að hætta að biðja hann fyrir málin sem þarf að áfrýja, jafnvel þó drýldnin væri svolítið þreytandi á stundum. Nei, sá ungi með errið var ört rísandi stjarna í sólkerfi lögmennskunnar og átti eftir að ná langt að mati Marðar. Kannski jafnvel upp á þann stall að verða einn af álitsgjöfum þjóðarinnar? Einn af þeim sem fjölmiðlar leita alltaf til þegar eitthvað ber á góma sem snertir lögfræði? Hver veit?

Um samskipti lögmanna, viðskiptamanna þeirra og fjölmiðla

ÞEGAR samskipti lögmanna og viðskiptamanna þeirra við fjölmiðla eru skoðuð kemur fyrst í hugann sú grundvallarbreyting sem orðið hefur á síðustu árum.

Í hópi lögmanna eru nokkrir sem unnið hafa á fjölmiðlum á yngri árum og er ég einn þeirra, en ég starfaði sem fréttamaður ríkissjónvarpsins á árunum 1970-1976 og þekki því af eigin reynslu þessa miklu breytingu.

Táknræn fyrir afstöðu fjölmiðla gagnvart lögmönnum á þessum árum var sú minnistæða ráðlegging sem ég fékk í upphafi starfars frá yfirmanni mínum, þáverandi fréttastjóra, en hún var á þá leið að ég skyldi vara mig á ákveðnum lögmönnum hér í bæ, sem væru iðnir við koma sjálfum sér á framfæri og fá ókeypis auglýsingu með því að reyna að troða málum sínum í fjölmiðla!

Á þessum árum voru einnig í gildi þær siðareglur lögmanna að bannað var að auglýsa nokkuð nema nafn, heimilisfang skrifstofunnar og símanúmer, annað þótti ekki við hæfi og ekki sæmandi svo virðulegri stétt sem lögmönnum.

Smám saman og sennilega ekki hvað síst með harðnandi samkeppni fjölmiðla um fréttir fara dómsmál og ágreiningsmál sem lögmenn hafa á sinni könnu að rata inn í síður dagblaða og inn á fréttastofur ljósvakamiðlanna og fréttamönnum verður ljóst hve mikið upplýsingagildi þau mál hafa sem lögmenn glíma við og ekki síður sú staðreynd að almenningur tekur fréttum af þessu tagi yfirleitt af miklum áhuga.

Er t.d. eftirtektarvert að sjá hina miklu umfjöllun um dóma Hæstaréttar síðan rétturinn fór að birta dóma sína vikulega.

Ég hef reyndar oft strítt fyrrverandi starfsfélögum í stétt fréttamanna með því að maður frétti langtum fleira sem starfandi lögmaður en



Svala Thorlacius

hrl.

sem fréttamaður, alla vega úr bæjarlífinu!

Lögmaður stendur oft frammi fyrir erfiðri ákvörðun þegar ljóst er að viðskiptamaður hefur áhuga á því að koma máli sínu á framfæri við fjölmiðla, ekki síst þeirri spurningu hvort lögmaðurinn eigi að gera slíkt í eigin nafni.

Fyrir mér er nærtækasta dæmið að rekja samskipti mín við fjölmiðla árið 1986 þegar ég kom málefnum kynferðisafbrotamanns á blað og ég hef reyndar nýlega rakið að einhverju leyti

í sjónvarpsþætti um íslensk sakamál.

Þá var staðan sú að foreldrar drengs sem maðurinn hafði misnotað komu til mín og beinlínis báðu mig að sjá til þess að almenningur fengi vitneskju um þennan mann, sem þau vissu að hafði þá um áratuga skeið leikið lausum hala.

Eftir að hafa kynnt mér nákvæmlega allan feril mannsins ákvað ég að gera þetta. Hafði ég strax samband við minn gamla vinnustað sjónvarpið enda taldi ég hér mjög athyglisvert mál á ferðinni, ekki síst þar sem faðir drengsins var tilbúinn að koma í viðtal. En svarið sem ég fékk var það að hér væri um svo viðkvæmt mál að ræða að ekki þætti fært að taka á því.

Ég ræddi þá við Matthías Johannessen, ritstjóra Morgunblaðsins, og var hann strax tilbúinn að taka málið upp. Skrifaði ég þá grein og rakti brotaferil mannsins og má ef til vill segja að síðan hafi þessi málaflokkur verið í umræðunni eins og það er kallað.

Ég hef oft síðan verið beðin af skjólstaðingum að vekja máls á málefnum þeirra í fjölmiðlum en hef ekki gert það.

Ástæðan er fyrst og fremst sú að ég tel almennt ekki rétt að lögmaður reki í fjölmiðlum þau ágreiningsmál sem honum hafa verið falin. Slíkt kallar nánast ævinlega á andsvar

Lögmaður stendur oft frammi fyrir erfiðri ákvörðun þegar ljóst er að viðskiptamaður hefur áhuga á því að koma máli sínu á framfæri við fjölmiðla.

gagnaðila og þá er lögmaðurinn kominn á kaf í blaðaskrif um ákveðið mál, sem hlýtur að teljast vafasamur vettvangur ekki síst ef mál er samhliða rekið fyrir dómstólum.

Hvort skjólstæðingurinn fer sjálfur í fjölmiðla er annað mál, sem ekki er alltaf unnt að stjórna.

Þeirri spurningu, sem varpað hefur verið fram, hvort skjólstæðingur lögmans geti gert þá kröfu til hans að lögmaðurinn reifi mál hans í fjölmiðlum, tel ég að svara verði almennt með neitun. En eins og ævinlega þegar lögfræði er annars vegar kemur „en“ið. Hvernig á lögmaður að bregðast við þegar skjólstæðingur hans verður beinlínis fyrir ósönnum áburði á opinberum vettvangi? Hér verður eins og ævinlega að beita heilbrigðri skynsemi og meta aðstæður.

Eins og lögmenn þekkja er umræða fjölmiðla um dómsmál oft byggð á misskilningi og stundum hreinni hlutdrægni. Allir lögmenn þekkja dæmin þar sem t.d. eru birt opnuviðtöl við móður/foreldra sem barnaverndarnefnd hefur svipt forsjá yfir börnum sínum. Stjórnvöld neita að gefa upplýsingar og almenningur er agndofa yfir vald-niðslunni.

Eitt sinn fyrir mörgum árum var ég beðin af dagblaði að gefa álit á dæmi sem þessu. Ég sagði þá við blaðamanninn að vel mætti hafa eftir mér að ég hefði hætt að taka að mér barnaverndarmál þegar mér varð ljóst að barnaverndarnefndir tækju börnin yfirleitt allt of seint af óhæfum foreldrum.

Óþarft er að taka fram að þessi athugasemd mín var aldrei birt.

Hvort fjölmiðlar eigi að taka afstöðu í dómsmáli eða máli sem stefnir í dómsmál er auðvitað spurning sem hver fjölmiðill verður að gera upp við sig. Ríkisfjölmiðlar hafa ætíð reynt að gæta þess að taka ekki afstöðu og hygg ég að þeim hafi almennt tekist það vel enda sýna kannanir að almenningur ber mikið traust til þeirra.

Greiðsla árgjalda fyrir árið 2002.

Greiðsluseðlar vegna árgjalds til Lögmannafélags Íslands og til félagsdeildar LMFÍ fyrir yfirstandandi ár, voru sendir félagsmönnum í lok apríl s.l., en gjaldddagi árgjalda er nú 1. júní, sbr. breytingar sem gerðar voru á samþykktum félagsins og félagsdeildar LMFÍ á síðasta aðalfundi. Þeir lögmenn, sem ekki hafa gengið frá greiðslu árgjalda, eru hvattir til að bæta úr því hið allra fyrsta.

Skil fjárvörsluyfirlýsinga vegna ársins 2001.

Félagið minnir sjálfstætt starfandi lögmenn á að skila inn yfirlýsingum vegna fjárvörslureikninga og verðbréfaskrár fyrir árið 2001, en skilafrestur rennur út 1. september n.k. Eyðublöð hafa verið send lögmönnum, en eyðublaðið má einnig finna á heimasíðu félagsins, en slóðin er:

www.lmfi.is/documents/eydublad_fjarvorslur.pdf

Til leigu

Til leigu er mjög gott
skrifstofuhúsnæði í Borgartúni 24.
HAGSTÆÐ LEIGA.

LOGOS lögmansþjónusta vill leigja út skrifstofuhúsnæði, sem áður hýsti félagið. Um er að ræða ca. 850m² á tveimur hæðum (2. og 3. hæð). Í húsinu er lyfta. Húsnæðið skiptist í 350 m² á 3ju hæð, þar sem eru 10 misjafnlega stór skrifstofuherbergi auk geymslu og ljósritunaraðstöðu, auk rúmgóðs opins rýmis í afgreiðslu með eldhúskrók. Snyrtingar eru á hæðinni. Á 2. hæð sem er um það bil 500m² er móttaka, 4 fundarherbergi (skrifstofur), eldhús, snyrtingar. Þá eru þar ljósritunar- og skjalavinnslurými, 14 misjafnlega stór skrifstofuherbergi auk geymslu. Unnt er að skipta húsnæðinu upp í 2-3 sjálfstæðar einingar.

Upplýsingar veita:

Gunnar Sturluson hrl. (gunnar@logos.is) og
Othar Örn Petersen hrl. (otharorn@logos.is)
í síma 540 0300.

Nýr vettvangur dómsmála - FJÖLMIÐLAR?

I.

Af þekktu tilefni hafa upp á síðkastið orðið miklar umræður og vangaveltur verið um það í hópi lögmannna um samskipti við fjölmiðla og þá einkum að hvaða marki rétt eða heimilt sé þar að tjá sig um einstök mál er varða skjólstæðinga lögmannna. Í þeirri viku sem þetta er ritað komust þessi álitaeftir á nýtt stig þegar ákæra á hendur Árna Johnsen var birt opinberlega í Morgunblaðinu og hinn ákærði sá sig knúinn að skrifa sína eigin vörn í blaðið daginn eftir og mæta í viðtöl í fjölmiðlum, sem hann hefði betur sleppt.

Hér verður ekki farið nánar í heimildir lögmannna til þess að fjalla um mál skjólstæðinga sinna opinberlega og hversu langt megi ganga lögfræðilega, heldur sjónum beint að því hversu borgarar og fyrirtæki geta verið berskjölduð fyrir umfjöllun fjölmiðla um málefni þeirra sem eru til meðferðar hjá dómstólum eða stjórnvöldum. Þá þurfa lögmennt oft að veita ráðgjöf um það hvenær sé rétt að taka til máls um þau mál og hvenær beri að þegja. Oft ræður það sjónarmið að flestir fjölmiðlaneytendur hafi gleymt vondri umfjöllun eftir nokkra daga og því sé best að sitja á sér, frekari umfjöllun geri illt verra.

II.

Samkvæmt kenningunni um þrískiptingu ríkisvaldsins tempra hinir einstöku valdhafar vald hinna og flest úrlausnarefni við setningu reglna, framvæmd þeirra og úrlausn ágreinings eiga sér farveg í viðeigandi grein. Stundum er rætt um fjölmiðla sem „fjórða valdið“ vafalaust í þeim skilningi að þeir gæti hagsmuna almenn-



Jóhannes Karl Sveinsson

hrl.

ings að vissu leyti við að fylgjast með því að ríkisvaldið í heild sinni standi sig í stykkinu. Fjölmiðlar geta einnig haft veruleg áhrif á almenningsálitið með flutningi fréttu og endurspeglun tíðarandans. Stundum má segja að fjölmiðlar „hanni“ hreinlega atburðarás.

Ef menn viðurkenna þessa mikilvægu stöðu fjölmiðla hlýtur sú spurning að rísa hvernig tryggt verði að ekki sé misfarið með „valdið“. Engum dettur lengur í hug að ritskoða fjölmiðla og því má segja að eina eftirlitið eða temprunin fari fram með því að

fólk getur andmælt því sem fram kemur í fjölmiðlum í miðlunum sjálfum - og ef of langt er gengið er hugsanlegt að fá ummæli dæmd dauð og ómerk.

Lögmenn sem fara með mál sem fjallað er um í fjölmiðlum geta lent í þeirri stöðu að mega hreinlega ekki svarað spurningum um viðkomandi mál vegna trúnaðar- eða þagnarskyldu, t.d. ef skjólstæðingurinn er bankastofnun. Einnig getur það hugsanlega skaðað hagsmuni skjólstæðings að upplýsingar séu gefnar og svör veitt við málum sem eru í deiglu og t.d. spillt fyrir mögulegum sáttum málsaðila.

III.

Upprunalegt tilefni þessara hugleiðinga er leiðari Morgunblaðsins frá 31. mars fyrir rúmu ári síðan (2001) um tiltekið mál sem var þá til meðferðar í stjórnvöldum. Hér á ég við málefni L.Í.O. ehf. eða Leiguflugs Ísleifs Ottesen eins og félagið var gjarnan verið kallað í fjölmiðlum. Greinarhöfundur sá sem lögmaður um varnir LÍO gagnvart Flugmálastjórn og samninga við

Eitt af því sem þarf að hafa í huga áður en metið er hvort svara eigi umfjöllun fjölmiðla er að það hefur verið nokkuð óbrigðul regla að þeir taka gagnrýni á eigin skrif óstinnt upp og yfirleitt er henni svarað fullum hálsi með ólund hins óskeikula.

samgönguráðuneytið vegna niðurfellingar samninga um sjúkra- og áætunarflug. Á þessum tíma átti félagið hendur sínar að verja á ýmsum vígstöðvum og gat að litlu leyti blandað sér í viðamikla fjölmiðlaumfjöllun sem átti sér þá stað.

Á þeim tíma var ákveðið að láta kyrrt liggja og voru fyrir því ýmsar ástæður s.s. að um var að ræða tæknilega mjög flókið mál þar sem umfjöllun í formi uppláttar og fyrirsagna var mun auðveldari en greining á einstökum efnisatriðum málsins. Einnig var fjölmiðlaá huginn svo mikill að forsvarsmenn fyrirtækisins sem í hlut átti hefðu einfaldlega ekki haft bolmagn til að svara öllu því sem svara þurfti.

Eitt af því sem þarf að hafa í huga áður en metið er hvort svara eigi umfjöllun fjölmiðla er að það hefur verið nokkuð óbrigðul regla að þeir taka gagnrýni á eigin skrif óstinnt upp og yfirleitt er henni svarað fullum hálsi með ólund hins óskeikula. Þetta gerir það jafnframt að verkum að menn hika við að senda leiðréttingar við greinar og fréttir því jafnan fylgir þeim athugasemd fjölmiðilsins um að þessi gagnrýni sé nú tóm vitleysa.

Í áður nefndum leiðara Morgunblaðsins sagði m.a. eftir að fjallað hafði verið um að almenn-ingur ætti að geta treyst því að öryggi flugrekstri væri tryggt þegar þjónusta flugfélaga væri nýtt:

„Bregðist yfirvöld flugmála í landinu ekki við því með neinum hætti ... er ljóst að sá trúnaður sem nauðsynlega þarf að ríkja á milli almennings og þeirra, sem eiga að hafa eftirlit með þessari viðkvæmu starfsemi brestur. En auðvitað er það samgönguráðherra og heilbrigðisráðherra að taka af skarið en ekki embættismanna“.

Með þessum orðum var samgönguráðherra m.a. hvattur til dáða í tileknu stjórnsýslumáli einkaaðila sem var til meðferðar í ráðuneyti hans. Þrátt fyrir að þessi hvatning virðist í fyrstu saklaus álit ég að þegar nánar er að gáð að hún hafi verið mistök sem hægt sé að draga lærdóm af. Fyrir því eru eftirtaldar ástæður:

1. Tekin er afstaða til meðferðar ólokens stjórnsýslumáls og samninga ríkisins við einkaaðila sem eiga mikilla hagsmuna að gæta.
2. Eindregin afstaða var tekin til málsins án þess að fyrir lægi efnislega viðhorf þess sem í hlut

á. Ekki dugir hér að bera því við að leitað hafi verið eftir viðhorfi forsvarsmanna félagsins. Afar skammur tími (7 dagar) voru liðnir frá því að skýrsla Rannsóknarnefndar flugslysa lá fyrir. Aukinheldur ber þeim aðilum sem eiga mál til meðferðar hjá hinu opinbera engin skylda til að bæta við sig málsvörn í fjölmiðlum. Ef þeir gera það ekki ber fjölmiðill enn meiri ábyrgð á sinni umfjöllun.

3. Eftir að tekin er afstaða á móti aðila ágreiningsmáls í ritstjórnargrein er að mínu mati ekki hægt að líta á fjölmiðil sem hlutlægan aðila í þeirri fréttaumfjöllun sem á eftir fylgir.

Fjölmiðlar tóku á þessum tíma þátt í að kynda undir miklum þrýstingi sem myndaðist á stjórnvöld að taka á málum flugfélagsins með einhverjum hætti. Í framhaldinu varð sá sérstaki og vonandi einstæði atburður að ráðuneyti tók til athugunar hvort rétt væri að rifta gerðum samningum, þrátt fyrir að ráðherra viðurkenndi síðar að það hefði líklegast verið ólöglegt. Á vegum ráðuneytanna komu hins vegar að málum hæfir embættismenn sem sáu skynsemi þess að leita fremur samninga en að ríkisvaldið fremdi vísitandi lögbrot, þ.e. rifti samningum án dóms og laga.

IV.

En niðurstaðan er þessi: Ef fjölmiðill gerist sjálfur þáttakandi í umræðu um tiltekið mál sem er til meðferðar hjá opinberum aðilum og áður en það er til lykta leitt; hann tekur eindregna og fyrirvaralaus afstöðu án upplýsinga frá þeim sem í hlut á, þá missir fjölmiðillinn þar með hlutlægni sína til flutnings og öflunar fréttar af málinu.

Í framhaldi af þessu vakna spurningar hvort fjölmiðlar muni leiðast út á þá braut – sem sjálfskipaðir málsvarar almennings – að skora á dómara að komast að ákveðnum niðurstöðum í dómsmálum?

Ég tel að slíkir tilburðir grafi á endanum undan trausti á fjölmiðla og að þeir sem stjórna þessum miðlum ættu að hugsa sig tvisvar um áður en þeir blanda sér í viðkvæm og flókin mál sem eru til meðferðar hjá viðeigandi stjórnvöldum. Frásagnir og fréttir af dómsmálum eru allt annað mál sem engin ástæða er til að amast við.

Breytingar á félagatali

Allar breytingar um ný símanúmer, vefköng, aðstetur og fleira er uppfært heimasíðu félagsins www.lmfi.is.

Ný málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti Íslands.

Andrés Valdimarsson hrl.
Ólafur Stefán Sigurðsson hrl.
Þorbjörg I. Jónsdóttir hrl.

Ný málflutningsréttindi fyrir Héraðsdómi.

Margrét Sigurðardóttir hdl.
ANZA hf.
Ármúla 31
108 Reykjavík
S: 522-5000
Fax: 522-5099

Jóhann Ármann Karlsson hdl.
Hf. Eimskipafélag Íslands
Pósthólf 220
121 Reykjavík
S: 525-7000
Fax: 525-7009

Endurútgefin málflutningsréttindi fyrir Héraðsdómi.

Áslaug Guðjónsdóttir hdl.
Kaupþing hf.
Ármúla 13a
108 Reykjavík
S: 515-1513
Fax: 515-1679

Ragnheiður Bragadóttir hdl.
Lögmannsstofan Skeifunni
Skeifunni 11
108 Reykjavík
S. 568-8640
Fax: 568-9585

Þórir Haraldsson hdl.
Íslensk erfðagreining ehf.
Sturlugata 8
101 Reykjavík
S: 570-1900
Fax: 570-1903

Valgerður Dís Valdimarsdóttir hdl.
Fulltingi ehf.
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
S: 533-2050
Fax: 533-2060

Nýr vinnustaður:

Rúnar S. Geirsdóttir hdl.
Lögmenn Eiðistorgi
Eiðistorgi 13
170 Seltjarnarnes
S: 561-0077
Fax: 562-3484

Hákon Stefánsson hdl.
Lögheimtan ehf.
Laugavegur 99
101 Reykjavík
S: 545-0500
Fax: 545-0501

Hrefna Friðriksdóttir hdl.
Barnaverndarstofa
Höfðaborg
Borgartúni 21
105 Reykjavík
S: 530-2600
Fax: 530-2601

Frá árshátíðinni

Áhugi lögmanna á árshátíð félagsins hefur aukist á undanförunum árum, þannig mættu yfir 200 manns á árshátíðina, sem haldin var með miklum glæsibrag 16. mars síðastliðinn. Skemmtinefndin á hrós skilið fyrir vinnu sína, en í henni sátu Halldór H. Backman hdl., formaður skemmtinefndar, Gísli G. Hall hdl., Guðrún H. Brynjólfssdóttir hdl., Helga Melkorka Óttarsdóttir hdl., Jóhann Tómas Sigurðsson hdl., Óðinn Elísson hdl., Ólafur Ei-

ríksson hdl., Ragnheiður Ólafsdóttir hdl., Stefán Árni Auðólfsson hdl., Sveinn Jónatansson hdl., Tómas Jónsson hrl. og Vala Valtýsdóttir hdl. Veislustjórn var í öruggum höndum Ástráðs Haraldssonar hrl. og heiðursgestur kvöldsins var Þórarinn Eldjárn. Söng og dansáhugi félagsmanna sýndi sig með söng kvennakórs og svo karlakórs og síðan var dansað langt fram eftir nóttu við leik Milljónamæringanna.

Sjá myndir næstu síðu



Ástráður Haraldsson, hrl. veislu-
stjóri.



„Litli kórinn“
tekur lagið.



Heiðursgestur árs hátíðarinnar var Þórarinn Eldjárn og kona hans, Unnur Ólafsdóttir.



Lögmenn Hafnar-
stræti og fleiri
taka lagið.

Fráfarandi formaður
LMFI, Ásgeir
Thoroddsen hrl.,
Sigríður
Svanbjörnsdóttir,
Guðrún M. Hannes-
dóttir og Ingimar
Ingason, framkv.stj.
LMFI.



Lögmenn LEX fjölmenntu á árs hátíðina.



Gunnar Jónsson
hrl., for-
maður LMFI
setur árs-
hátíðina.



Fjöldasöngur kvenna í lögmansstétt.



Hluti af lögmönnum LOGOS lögmansþjónustu.



Lögmenn á nýrri og stærri Lögfræðistofu Reykjavíkur.

Ljósritunarvél ?

DIALTA ljósritunarvélar
gefa orðinu nýja merkingu.
Auk þess að ljósrita,
hefta og gata,
geta þær skannað,
vistað skjöl á netþjónum,
sent fax og tölvupóst
og prentað frá tölvunni þinni
í fullum lit.



TÆKNIBÚNAÐUR

KJARAN EHF • SÍÐUMÚLI 12 • 108 REYKJAVÍK
SÍMAR 510 5520 • 510 5500
WWW.KJARAN.IS